MOSFELLINGUR

16. TBL. 9. ÁRG. FIMMTUDAGUR 16. DESEMBER 2010 DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Í MOSFELLSBÆ, Á KJALARNESI OG Í KJÓS



Mynd: Magnús Már

EIGN VIKUNNAR www.fastmos.is

Kvíslartunga - parhús

250,6 m2 parhús á tveimur hæðum með bílskúr við Kvíslartungu. Húsið er skráð samkvæmt Fasteignamati ríkisins 217,7 m2 og bílskúrinn 32,9 m2. Húsið sem er timbureiningahús er tæplega fokhelt í dag og afhendist í núverandi ástandi. Byggingarefni og einangrun sem er í húsinu og fylgir það með í kaupunum. **V. 23,9 m.**

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

Mosfellingurinn Jóhannes Freyr Baldursson bakarameistari

„Var mjög brugðið við kistulagninguna“

»26-27

RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
NÝ HEIMASÍÐA - WWW.JONB.IS

Þjónustuverkstæði útvegum bílaleigubíla

Ný CABAS tjónaskoðun

MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður og ljósmyndari:
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is
Prentun: Landsprent.
Dreifing: Íslandspóstur
Upplag: 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 13. janúar

Gleði og friðarjól

Nú líður að lokum þessa árs og því er við hæfi að óska eftir tilnefningum um Mosfelling ársins. Bæjarblaðið Mosfellingur stendur fyrir valinu í sjötta sinn. Ábendingar eru vel þegnar á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is. Gjarnan má fylgja stuttur rökstuðningur um hvað viðkomandi hefur lagt til samfélagsins. Tilkynnt verður um valið í næsta blaði.

Ég vil einnig minna fólk á Björgunarsveitina okkar, Kyndil, um áramótin. Okkur finnst sjálfsagt að treysta á hana þegar eitthvað bjátar á. Einu sinni á ári þarf hún á stuðningi okkar að halda. Það er um áramót þegar aðalfjáröflun þeirra fer fram með flugeldasölu

Fyrir hönd Mosfellings óska ég ykkur öllum gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári.

Bráðum klukkur klingja,
kalla „Heims um ból."
Vonandi þær hringja
flestum gleði og friðarjól.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings

Kjúlli frá Ísfugli
langflottastur
www.isfugl.is

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Nemendur Varmárskóla 1964. Á þessum árum voru lopapeysur með munsturbekk mjög vinsælar, jafnt hjá strákum og stelpum, eins og myndin ber með sér. Gaman væri að fá nöfn á þennan barnahóp.Kannski setjast einhverjir yfir það verkefni og væri vel þegið að fá nafnalista sendan, *birgird@ismennt.is.* Myndin yrði síðan birt aftur seinna með nafnarununni.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson

HÉÐAN OG ÞAÐAN

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

Verslum í heimabyggð

NÝJA BÍLASMIÐJAN HF

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR
Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is

CELETTE
Fullkomnustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmiðjan

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

Fasteignasala Mosfellsbæjar

SÍMI:
586 8080
www.fastmos.is

Einar Páll Kjærnested
Lögg. fasteignasali

Svanþór Einarsson

Egilína S. Guðgeirsdóttir

LAXATUNGA

Húsin skiptast samkvæmt teikningu í forstofu, 2 svefnherb., baðherb., eldhús, þvottahús, geymslu, stofu og borðstofu. Áhv. eru ca. 17,6 millj. kr. ÍLS lán. Húsin eru fullbúin að utan og einangruð. Hús tilbúið til innveggja. **V. 20,6 m.** Hús tæplega tilbúið til innréttinga, innveggir komnir, tilbúnir undir sandsparstl. **V. 23,9 m**

STÓRIKRIKI

3ja-4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi með sér inngangi og góðum garði við Stórakrika í Mosfellsbæ. Íbúðin er skráð hjá Fasteignaskrá Íslands sem 58,4 m2, 2ja herbergja íbúð, en auk þess fylgir íbúðinni ca. 35 m2 ósamþykkt rými **V. 19,8 m.**

FÁLKAHÖFÐI

Vorum að fá í einkasölu fallega 91 m2, 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á 2. hæð ásamt 27,6 m2 bílskúr. Eikar innréttingar og eikarparket og flísar á gólfum. Fallegt útsýni. Golfvöllur, sundlaug, leikskóli og skóli í næsta nágrenni. **V. 23.5 m.**
Verð íbúðar án bílskúrs 20.7 m.

ÞRASTARHÖFÐI

Falleg 121,6 m2, 4ra herbergja íbúð á annari hæð í 3ja hæða fjölbýli. Íbúðinni fylgir bílastæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús, baðherbergi, þrjú svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sér geymsla. Seljandi skoðar skipti í Mosó á verðbilinu 35-45 millj. **V. 29,9 m.**

HÁHOLT

Mjög glæsileg 94,9 m2, 3ja herbergja endaíbúð með sér inngangi af svölu á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi í miðbæ Mosfellsbæjar. Falleg og vönduð íbúð. Vönduð gólfefni, parket og flísar á gólfum. Loft upptekin með hallogenlýsingu. Vönduð tæki í baðherbergi og eldhúsi. **V. 25,8 m.**

BLIKAHÖFÐI

Falleg 3ja herbergja, 99 m2 íbúð á jarðhæð hæð í 3ja hæða fjölbýli með sér inngangi og stórum palli við Blikahöfða. Íbúðin skiptist í forstofu, stóra stofu og borðstofu, barnaherb., hjónaherb., þvottahús/geymslu, baðherb. með baðkari og eldhús. Íbúðinni fylgir sérgeymsla á jarðhæð. **V. 22,0 m.**

KLAPPARHLÍÐ

Falleg 63,4 m2, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi og timburverönd í 2ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 22. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, rúmgott svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu og eldhús. Íbúðinni fylgir 4,4 m2 sér geymsla á jarðhæð. Frábær staðsetning. **V. 16,9 m.**

MIÐHOLT

Falleg 47,5 m2, 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í þriggja hæða fjölbýli við Miðholt. Íbúðin skiptist í forstofuhol, baðherbergi, svefnherbergi, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir geymsla á sömu hæð með glugga. Íbúðin er staðsett í hjarta Mosfellsbæjar og er örstutt í alla þjónustu, samgöngur og skóla. **V. 12,9 m.**

VÖLUTEIGUR

Gott iðnaðarhúsnæði sem búið er að skipta í tvær einingar og eru inngangar í það vestan og austan megin húsins. Samtals er húsnæðið skráð samkvæmt Fasteignaskrá Íslands 160,8 m2. Stórar innkeyrsludyr og góð birta. **V. 19,9 m.**



ESJUMELUR

452,0 m2 iðnaðarhúsnæði á 3.000 m2 lóð við Esjumel 7 í Reykjavík (Kjalarnesi) Húsið er einn stór vinnslusalur og opið er inn í tvær útbyggingar. Á efri hæð er kaffistofa. Þetta er eign sem bíður upp á mikla möguleika. **V. 31,0 m.**

LEIRVOGSTUNGA - EINBÝLISHÚS

Fallegt 199,2 m2 einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Leirvogstungu 2 í Mosfellsbæ. Bjart og rúmgott hús með fallegum innréttingum og gólfefni. Mikil lofthæð með fallegri lýsingu er í húsinu. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 44,9 m.**

HELGALAND - 307 M2 EINBÝLISHÚS

Mjög fallegt einbýlishús á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr. Á efri hæð er forstofa, þvottahús, eldhús, stofa, borðstofa, baðherbergi og fjögur svefnherbergi. Á neðri hæð er stórt baðherbergi, þrjú herbergi,heitur pottur og gufubað. Gróin og skjólgóð eignarlóð með fallegri tjörn. **V. 64,9 m.**

Feðgarnir fjárfesta í nýjum bilanagreini

Feðgarnir á Réttingaverkstæði Jóns B. fjárfestu á dögunum í nýjasta bilanagreini á markaðnum, MaxiDiag pro 801. Þessi bilanagreinir er glæsileg viðbót við þá flóru tækja og búnaðar sem verkstæðið er með í dag. „Núna þurfa bíleigendur ekki lengur að fara í umboðin til að láta lesa bilanakóða því búnaðurinn gerir okkur kleift að lesa yfir 200 bílgerðir frá árgerð 1994-2008. Hver kannast ekki við ljósin í mælaborðinu, t.d. gult vélarljós, ABS og air-bags ljós sem bilanagreinirinn les og hreinsar," segir Gunnlaugur Jónsson. Þeir félagar bjóða alla velkomna og ætla að bjóða bíleigendum í Mosfellsbæ greiningu og lestur á 15% afslætti í janúar. Réttingaverkstæði Jóns B. er staðsett í Flugumýri 2.

Björgunarsveitin Kyndill með nýjan bíl

Töluverð nýliðun hefur verið hjá Björgunarsveitinni Kyndli á síðustu misserum og þótti æskilegt að fjárfesta í nýju ökutæki fyrir sveitina vegna þessa. Fyrir valinu var Toyota Landcruiser 80 jeppi árgerð 1994 sem hlotið hefur nafnið Kyndill 3. Kyndill 3 var keyptur á haustdögum og fóru um 2 mánuðir í nauðsynlegar lagfæringar og uppsetningu fjarskipta- og björgunarbúnaðs í bílinn. Vinnan var öll framkvæmd af félagsmönnum. Við kaup á bifreiðinni og búnaði leitaði Kyndill eftir styrkjum til nokkurra fyrirtækja. Kann björgunarsveitin eftirtöldum aðilum bestu þakkir fyrir veittann styrk: EJS, Neyðarlínan, Fálkinn, Würth og Stilling.

Megináhersla að standa vörð um grunn- og velferðarþjónustu

Fjárhagsáætlun við krefjandi aðstæður

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2011 var lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn í gær. Megináherslur hennar eru að standa vörð um grunn- og velferðarþjónustu Mosfellsbæjar. Að sögn Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra var megin útgangspunkturinn við fjárhagsáætlunargerðina að láta enda ná saman. „Tekjur sveitarfélagsins hafa dregist verulega saman að raunvirði undanfarin ár og var markmiðið að draga úr kostnaði svo koma mætti í veg fyrir að bæjarsjóður yrði rekinn með halla. Tvö síðustu ár hefur verið halli á rekstri bæjarstjóðs. Slíkt getur gengið í stuttan tíma en ekki til lengdar," segir Haraldur.

Hann segir jafnframt að eftir mikla hagræðingu undanfarin tvö ár var ljóst að þær ákvarðanir sem sveitarfélagið stæði frammi fyrir væru langt frá því auðveldar. „Ákvarðanirnar snúast ekki lengur um að afleiðingar þeirra megi ekki bitna á neinum – heldur að þær bitni á sem fæstum, svo krefjandi er það umhverfi sem þessi áætlun er unnin við," bætir hann við.

Leitað til íbúa

Mosfellsbær leitaði til íbúa eftir leiðum til hagræðingar og var haldinn sérstakur íbúafundur um fjárhagsáætlun. Fjöldi tillagna barst sem birtar hafa verið á vef Mosfellsbæjar og nýttar voru við fjárhagsáætlunargerðina. Haraldur bendir þó á að stór hluti þeirra tillagna sem fram komu séu þegar komnar í framkvæmd þar sem fjárhagsáætlanir síðustu tveggja ára einkenndust af mikilli hagræðingu í rekstri í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

„Á íbúafundinum kom fram eindregin ósk um að standa vörð um velferð. Fjárhagsáætlun 2011 ber þess vitni að eftir því var farið eins og kostur var. Fjárframlög til málaflokksins aukast milli ára í samræmi við aukna þörf á aðstoð og þjónustu á því sviði á meðan um talsverða hagræðingu er að ræða á öðrum sviðum," segir Haraldur.

Hagræðingarkrafa á yfirstjórn

Íbúar létu jafnframt í ljós óskir um að ekki yrði hagrætt í skólamálum eða dagvistarmálum barna. Reynt var að koma til móts við þá óskir eins og frekast var unnt, að sögn Haraldar. „Hins vegar verður að geta þess að málaflokkur þessi, fræðslumál, er langstærsti útgjaldaliður Mosfellsbæjar, og því óhjákvæmilegt að hagræða í rekstri sveitarfélagsins sem nokkru nemur án þess að fara ofan í rekstur á sviði fræðslumála," segir hann.

Veruleg hagræðingarkrafa hefur verið gerð á yfirstjórn sveitarfélagsins, sem og stjórnunardeildir stofnana, að sögn Haraldar. Starfsfólk Mosfellsbæjar tekur að sér aukinn fjölda verkefna og lögð hefur verið áhersla á enn frekara samstarf milli stofnana og deilda í því skyni að ná sem mestri hagræðingu.

DÆMI UM AÐGERÐIR SEM NAUÐSYNLEGT VERÐUR AÐ RÁÐAST Í

- Gjaldskrár hækka um 5-10%
- Útsvar hækkar úr 13,19% í 13,28%
- Álagningarstuðlar fasteignagjalda verða hækkaðir til að mæta lækkun fasteignamats
- Heimgreiðslur verða lagðar af.
- Fristundaávísanir lækka úr kr. 18.000 í kr. 15.000.
- Gjaldfrjálsum tímum í fimm ára deild fækkar úr 8 í 3.
- Opnunartíma Varmárlaugar verður breytt.
- Samningar um fjárfestingar í íþróttamannvirkjum verða endurskoðaðir, svo og styrktarsamningar.

HELSTU ÁHERSLUR Í FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011

- Að haldið verði áfram að byggja upp okkar samfélag og þjónustu þrátt fyrir erfitt árferði eftir því sem hægt er.
- Að standa vörð um skóla- og æskulýðs starf og að forgangsraðað verði í þágu barna og velferðar.
- Að veltufé frá rekstri sé jákvætt og að afkoma bæjarins án óreglulegra tekna verði í jafnvægi.
- Að samdrætti á tekjum verði m.a. mætt með sparnaði og hagræðingu í rekstri og að sérstaklega verði hagrætt í yfirstjórn og stjórnun almennt, ásamt í eignaliðum og rekstri fasteigna.
- Að framkvæmdir hefjist við byggingu nýs framhaldsskóla í miðbæ Mosfells bæjar og hjúkrunarheimili að Hlaðhömrum í samvinnu við ríkisvaldið.
- Að samkomulag um lækkun launa stjórnenda bæjarins um 3-7% gildi áfram að undanskildum bæjarstjóra en laun hans hafa lækkað alls um 17% skv. nýjum ráðningarsamningi.

Spurningaþátturinn Útsvar

Mosfellsbær í átta liða úrslit

Lið Reykjavíkur og Mosfellsbæjar kepptu í Útsvari síðastliðið föstudagskvöld. Eftir glæsilegan endasprett tókst Mosfellingum að knýja fram sigur og eru nú komnir í átta liða úrslit.

Á myndinni má sjá sigurliðið ásamt þjálfurum sínum, í fremri röð eru Sigurjón M. Egilsson, Kolfinna Baldvinsdóttir og Bjarki Bjarnason. Fyrir aftan eru þjálfararnir Aðalbjörg Egilsdóttir og Agnes Geirsdóttir.

Ljósmyndina tók Hákon Egilsson.

Lið Mosfellsbæjar í spurningaþættinum Útsvar sem sýndur er á RÚV.

KIRKJUSTARFIÐ

HELGIHALD YFIR JÓL OG ÁRAMÓT

19. desember 4. sd í aðventu
Kl. 11:00 Bæna- og skírnarguðsþjónusta í Lágafellskirkju

24. desember - Aðfangadagur
Kl. 13:00 Barnaguðsþjónusta í Lágafellskirkju
Kl. 18:00 Aftansöngur í Lágafellskirkju
Kl. 23:30 Miðnæturguðsþjónusta í Lágafellskirkju

25. desember - Jóladagur
Kl. 14:00 Hátíðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju
Kl. 16:00 Hátíðarguðsþjónusta í Mosfellskirkju

26. desember
Kl. 11:00 Bæna- og skírnarguðsþjónusta í Lágafellskirkju

31. desember - Gamlársdagur
Kl. 18:00 Aftansöngur í Lágafellskirkju

2. Janúar 2011
Kl. 11:00 Bæna- og skírnarguðsþjónusta í Lágafellskirkju

Jólabærinn
Mosfellsbær

Tveir jólamarkaðir eru í Mosfellsbæ í ár, innimarkaður á torgi í Kjarna og útimarkaður í Álafosskvos, og mega íbúar því búast við mikilli jólastemmningu í bænum nú fyrir jólin.

Innimarkaðurinn er haldinn á föstudögum á torginu í Kjarna kl. 11-18.30. Þar verða sölubásar með varning af ýmsu tagi sem er tilvalinn í jólapakkana.

Útimarkaðurinn er haldinn í Álafosskvos á laugardögum og sunnudögum kl. 12-17. Komið hefur verið upp sölubásum í tjaldi á palli við kaffihúsið og mynduð skemmtileg jólastemmning. Á boðstólnum á kaffihúsinu er veitingar við hæfi sem yljað geta markaðsgestum, svo sem heitt súkkulaði, jólaglögg, piparkökur og margt annað gómsætt og seðjandi og að sjálfsögðu verður jólatónlist í hávegum höfð.



ÓVÆNTAR UPPÁKOMUR
ALLA HELGINA

MOSFELLSBÆR VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Unnið að gerð lýðræðisstefnu

Fyrsti fundur nýrrar lýðræðisnefndar Mosfellsbæjar var haldinn á dögunum. Í nefndinni eiga sæti Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Anna Sigríður Guðnadóttir, fulltrúi S-lista, Herdís Sigurjónsdóttir, fulltrúi D-lista, Jón Jósef Bjarnason, fulltrúi M-lista og Karl Tómasson, fulltrúi V-lista. Starfsmenn nefndarinnar eru Sigríður Dögg Auðunsdóttir, forstöðumaður kynningarmála, Sigríður Indriðadóttir mannauðsstjóri og Stefán Ómar Jónsson bæjarritari. Hlutverk nefndarinnar er að vinna drög að nýrri lýðræðisstefnu Mosfellsbæjar og reglum um íbúakosningar í Mosfellsbæ og verklag um gagnsæi og aðgang að gögnum. Með virku íbúalýðræði er hægt að ná betri sátt um markmið, stefnu og framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins með því að virkja íbúa í ákvarðanatökuferlinu og hvetja þá til að taka þátt í mótun nærumhverfis síns í samvinnu við sveitarfélagið.

Tilnefningar til Mosfellings ársins

Val á Mosfellingi ársins 2010 stendur nú yfir og gefst lesendum kostur á að tilnefna þá sem þeim finnst verðugir að bera nafnbótina. Allir Mosfellingar koma til greina í valinu og er öllum frjálst að senda inn tilnefningar með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is. Er þetta í sjötta sinn sem þetta val fer fram á vegum Mosfellings. Íbúar eru hvattir til að taka virkan þátt og senda inn tilnefningar. Gjarnan má fylgja með stuttur rökstuðningur á tilnefningunni og hvað viðkomandi hefur lagt til samfélagsins. Áður hafa hlotið nafnbótina: Sigsteinn Pálsson, Hjalti Úrsus Árnason, Jóhann Ingi Guðbergsson, Albert Rútsson og Embla Ágústsdóttir. Útnefningin verður kunngjörð í fyrsta blaði næsta árs sem kemur út þann 13. janúar.

Páll Guðjónsson opnar sýningu í Listasalnum í tilefni sextugsafmælis síns sem er í dag

Áhugamál og ástríða frá barnæsku

Hjónin Páll Guðjónsson og Ingibjörg Flygenring við opnun sýningarinnar.

Laugardaginn 11. desember opnaði Páll Guðjónsson sýninguna, Form – Fegurð - Flæði, í Listasal Mosfellsbæjar. Páll sýnir þar 34 ljósmyndir sem hann hefur tekið síðastliðin tvö ár. Páll hefur sinnt ýmsum störfum í gegnum tíðina, er menntaður viðskiptafræðingur og var sveitarstjóri og síðar bæjarstjóri Mosfellsbæjar 1982 – 1992. Páll starfar nú sem framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

„Sýningin er m.a. sett upp til að marka sextugsafmæli okkar hjóna á þessu ári," segir Páll sem er fæddur þann 16. desember 1950 og er því sextugur í dag. „Ljósmyndun hefur verið áhugamál mitt og ástríða allt frá bernskuárum. Eins og oft hendir þá hvarf þetta áhugamál dálítið baksviðs þegar háskólanám, stofnun fjölskyldu og erilsamir dagar í krefjandi störfum tóku allan tíma og orku," segir Páll.

Eignaðist fyrstu myndavélina 12 ára

Fyrir sex árum tók ég upp þráðinn að nýju og ákvað að láta á það reyna hvort ég gæti tekist af alvöru á við skapandi ljósmyndun. Stafræn ljósmyndun var þá að komast á skrið, og ég ákvað að tileinka mér strax þessa nýju tækni. Ástríðan og löngunin til að fanga augnablikið, túlka og deila með öðrum er jafn sterk og fersk og þegar ég eignaðist fyrstu myndavélina mína 12 ára gamall, þannig að því fer fjarri að þessi sýning í tilefni af sextugsafmæli mínu marki einhvern endapunkt." Sýning Páls í Listasalnum stendur til 3. janúar 2011.

Bækurnar um Mola litla endurútgefnar

Listaverk eftir Ragnar Lár afhent

Í tilefni af endurútgáfu bókanna um Mola litla flugstrák og þess að Ragnar Lár, teiknari og höfundur bókanna, hefði orðið 75 ára var haldið útgáfuteiti í Brúarlandi, æskuheimili listamannsins á sunnudaginn var. Ættingjar Ragnars og vinir fjölmenntu, fengu sér Mola kaffi og áttu saman góðan dag.

Bækurnar komu fyrst út á árunum 1968-1975

Bækurnar um Mola litla komu fyrst út á árunum 1968-1975 og eru mörgum minnisstæðar. Þær fjalla um ævintýri Mola sem er lítill og fremur ógætinn flugstrákur, besta vin hans Jóa járnsmið og illmennið Köngul kónguló sem í sífellu gerir þeim félögum skráveifu. Nafnið á Mola er til komið af því hve hrifinn hann er að sykurmolum. Við sömu athöfn afhenti Kristín Pálsdóttir, ekkja Ragnars, Mosfellsbæ listaverk eftir Ragnar til eignar og varðveislu, meðal þeirra eru upprunalegar myndir af Mola litla flugstrák.

Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar, Kristín Pálsdóttir, ekkja Ragnars Lár og Höskuldur Sigurðarson útgefandi nýju Molabókanna. Karl veitti listaverkunum viðtöku fyrir hönd Mosfellsbæjar og sagði við tækifærið það vera sér mikinn heiður, Ragnar var móðurbróðir Karls.

Gerður Lárusdóttir flutti skemmtilega tölu um bróður sinn Ragnar Lár. Á myndinni er hún með syni sínum Steinari Tómassyni og langömmubarni.

Guðrún Tómadóttir og Steinunn Bjarman þáðu Mola kaffi

Freyja Ragnarsdóttir, Kristín ekkja Ragnars, Eiður B. Eiríksson barnabarn hennar.

ELDRI BORGARAR

Handverksstofurnar á Eirhömrum eru opnar eins og venjulega alla virka daga kl. 13-16.

Minni á **glernámskeið** á fimmtudögum kl. 10-12. Næsta námskeið byrjar 13. janúar. Nánari upplýsingar hjá Elvu í síma 698-0090 og einnig í síma 586-8014 kl. 13-16.

Bestu jóla og nýjárskveðjur frá Félagsstarfi eldri borgara í Mosfellsbæ



Upplýsingar og skráningar í ferðir og námskeið eru á skrifstofu félagsstarfsins Eirhömrum kl. 13-16, símar 586-8014 og í gsm. 692-0814

PÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR

PIZZA-BRÆÐUR

eldbakaðar pizzur

OPIÐ: SUN.-FIM. 11:30-21:00, FÖS.-LAU. KL. 11:30-22:00



Sömu góðu pizzurnar
af matseðli ásamt nýjungum

OPNUNARTILBOÐ

ÚT DESEMBER

16“ pizzur af matseðli 1.500 kr.

Allt gos 280 kr.

16“ með tveimur áleggstegundum
og 12“ hvítlauksbrauð, kryddbrauð
eða margarita á aðeins 2.490 kr.

SÍMI: 522-2222

Við erum komnir á facebook

522·2222 URÐARHOLT 2 270 MOSFELLSBÆ

Jólamarkaðurinn í Kvosinni opinn allar helgar í desember

Jólastemning í Álafosskvosinni

Fjölmargir hafa lagt leið sína á jólamarkaðinn og notið jólastemningar í Álafosskvosinni. Margt góðra muna, góðgæti og veitingar. Margir gerðu góð kaup, jólamarkaðurinn hefur verið s.l. helgar við Kaffihúsið á Álafossi, síðasti markaður verður helgina 18. og 19. desember frá kl. 12-17 báða dagana.

Ný stjórn Framsóknarfélags Mosfellsbæjar ásamt varamönnum.

Björg Reehaug fer fyrir nýrri stjórn Framsóknarfélgsins

Björg kosin formaður

Aðalfundur Framsóknarfélags Mosfellsbæjar var haldinn í sal félagsins að Háholti mánudaginn 6. desember. Fundurinn var fjölmennur og fjörugar umræður m.a. um bæjarmálin. Ný stjórn var kosinn en hana skipa: Formaður: Björg Reehaug Jensdóttir. Meðstjórnendur: Friðrik Ólafsson, Óðinn Pétur Vigfússon , Snorri Hreggviðsson. Gísli Geirsson. Varamenn: Marteinn Magnússon, Guðni Þorbjörnsson

Rithöfundarnir; Bjarki Bjarnason, Halla Gunnarsdóttir, Yrsa Sigurðardóttir ásamt Valdimar Leó formanni SF-Mos.

Árlegt aðventukvöld Samfylkingarfélags Mosfellsbæjar

Frostpinnar og rithöfundar á aðventukvöldi

Hið árlega aðventukvöld Samfylkingarfélags Mosfellsbæjar var haldið föstudaginn 3. desember í Þverholtinu. Góð mæting var og sköpuð notaleg stemming með skreytingum og jólaglöggi. Frostpinnarnir sungu nokkur jólalög og höfundar lásu úr nýútkomnum bókum sínum.

Jólaævintýri Þorra og Þuru í leikhúsinu

Þann 22. desember kl. 16 munu álfabörnin Þorri og Þura mæta í Bæjarleikhúsið, Mosfellsbæ. Þorri álfastrákur var ekki sáttur með það að fá mandarínu í skóinn frá jólasveininum, og í kjölfarið týndi hann jólaskapinu sínu. Upp hefst mikil og skemmtileg leit að jólaskapinu hans Þorra, en með hjálp góðrar vinkonu er allt hægt og að lokum finna Þorri og Þura hinn sanna jólaanda. Sýningin sem hentar yngstu kynslóðinni best en líka allri fjölskyldinni, er full af skemmtilegum söngvum, bæði frumsömdum og þekktum jólalögum. Miðapantanir eru í síma 5667788.

Ljúffeng máltíð
og létt í maga

Hunangsgljáð kalkúnabringa

Létt lostæti sem hentar vel til hátíðarbrigða. Kjötið er fulleldað en gott er að hita það upp í ofni áður en það er borið fram. Kalkúnabringan er einnig góð köld og ofan á brauð.

Reykt kalkúnasteik

Ljúffeng reykt kalkúnasteik með hefðbundnu hátíðarmeðlæti er matur sem öllum líkar. Kjötið er fulleldað en gott er að hita það upp í ofni áður en það er borið fram. Kalkúnasteikin er einnig góð köld og ofan á brauð.

ÍSFUGL

Íslensk framleiðsla

Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Sími: 566 6103, Fax: 566 6762
isfugl@isfugl.is, www.isfugl.is

Grafika 10

ÁRAMÓTABRENNA
Í ULLARNESBREKKUM
KVEIKT VERÐUR Í
BRENNUNNI KL. 20:30
ÖLL MEÐFERÐ SKOTELDA Á SVÆÐINU ER BÖNNUÐ
UMFA
Handknattleiksdeild
MOSFELLSBÆR

NÝR OG STÆRRI
NAMMIBAR
90 TEGUNDIR
NOA
50% AFSLÁTTUR
AF NAMMIBARNUM
ALLA DAGA TIL ÁRAMÓTA
NÓI SÍRÍUS
BEINT Í
BÍLINN
GRILL NESTI
HÁHOLT 24 - SÍMI 566-7273

SKÖTUVEISLAN BYRJAR Í FISKBÚÐINNI MOS

Fiskbúðin Mos
HÁHOLTI 13-15 - SÍMI 578-6699

SKATA
JÓLAHUMAR
HUMARSÚPA
GRAFINN LAX
REYKTUR LAX

Amma fiskur biður að heilsa

ALLTAF SANNGJARNT VERÐ
VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin á árinu

Fiskbúðin Mos
HÁHOLTI 13-15 - SÍMI 578-6699

Kæru vinir & vandamenn. Líkt og undanfarin ár býðst ykkur

Hátíðar-Humarsúpa að hætti Meistarans. Bragðmikil, rjómalöguð, & ein sú allra ljúffengasta sem völ er á!

Hentar frábærlega sem forréttur
Tilbúið til neyslu: Súpan þarfnast einungis upphitunar.
Aðferð: Hitið súpuna rólega upp að suðumarki.
Saxið ferskar kryddjurtir (t.d. kóríander, steinselju eða estragon), Snöggsteikið humarhala og bætið saman við súpuna. Berið fram!
Afgangssúpu má auðveldlega frysta, og njóta svo seinna meir.

Jólatilboð: 2,3 lítrar á aðeins ***kr 5.000.-***

Vinsamlegast sendið pantanir á netfangið pantanir@bragdbest.is eða hafið samband símleiðis: 615 3200 eða 866 3381

Pantanir verða afhentar frá og með 22. Desember næstkomandi, eða fyrr ef óskað er.

Einnig er hægt að fá pantanir afhentar á milli Jóla og Nýárs, eftir samkomulagi.

TILBOÐ Í SNÆLANDI

500 KR

OSTBORGARI + KÓK

EÐA KÓK ZERO

SNÆLAND VIDEO

HÁHOLT 14 - MOSFELLSBÆR

Ásgeir og Svavar umkringdir jóla-spilnu í ár úr iðrum Mosfellsbæjar. Nánar á www.facebook.vom/flakkspil

Fjórir félagar úr Mosfellsbæ gefa út nýtt íslenskt borðspil

Kapphlaupið að forna hliðinu

Flakk – Kapphlaupið að forna hliðinu er nýtt íslenskt borðspil þróað af fjórum Mosfellingum, þeim Ásgeiri Viðari Árnasyni, Ragnari Má Ómarssyni, Pétri Atla Antonssyni og Svavari Melberg. Spilið gengur út á að leikmenn flakka um þrjár eyjur og á hverri eyju lenda þeir í allskonar ævintýrum. Leikmenn geta síðan, hver fyrir sig eða saman, haft áhrif á leikinn með hindunum eða með því að hjálpa hver öðrum.

Hugmyndin að spilinu kviknaði þegar þeir félagar áttuðu sig á því að þeim þótti ekki mikið um áhugaverð spil á markaðnum. Í upphafi átti spilið aðallega að skemmta þeim og vinum sínum en vatt svo upp á sig og ákváðu þeir að gefa það út fyrir jólin.

Styrkur frá Evrópu unga fólksins

Til að gera hugmyndina að veruleika var þeim bent á þann möguleika að fá styrk hjá Evrópu unga fólksins (EUF) sem hreifst af hugmyndinni og ákvað að styrka verkefnið. „Styrkurinn felst í því að klára þróun spilsins ásamt því að gefa spil til félagsmiðstöðva um allt land, og mun Bólið einmitt fá eitt slíkt. Spilið er hannað af okkur vinunum og allt hið glæsilegasta en einnig er það framleitt og pakkað á hér á landi“ segir Svavar Melberg.

Spilið er komið í verslanir og óhætt er að mæla með þessari útgáfu fyrir alla Mosfellinga.

Heimsóttu björgunarsveitina Kyndil

Í nóvember heimsótti 4.SK í Varmárskóla björgunarsveitina Kyndil. Krakkarnir fengu kynningu á sveitinni, fengu að skoða björgunarsveitarhúsið og tækin sem sveitin á. Vel þjálfaðir björgunarsveitarmenn og konur gáfu krökkunum kost á því að prófa kassaklifur og vakti það mikla lukku.

Fulltrúi frá Kjósasýsludeild Rauða krossins kom í heimsókn með dúkkurnar Önnu og Hildi og kenndi krökkunum réttu handtökin við hjartahnoð og blástur. Foreldraráð bekkjarins vill koma kæru þakklæti á framfæri, bæði til björgunarsveitarinnar Kyndils og til Rauða krossins, fyrir glæsilegar móttökur og góðar undirtektir.

Skötuhlaðborð
í hádeginu á Þorláksmessu

Söltuð skata, kæst skata, tindabikkja,
spænskur saltfiskréttur, plokkfiskur, saltfiskur,
hákarl, síldarréttir, paella, fiskipaté,
tartalettur, rauðspretta, fiskigratin, paté og fl.

Borið fram með rúgbrauði, rófum, kartöflum,
hnoðmör, smjöri, hömsum, hangifloti og fl.

Hlégarður

Vinsamlegast pantið borð tímanlega
í síma: 566-6195 eða 566-8215.

VEISLUGARÐUR
Veisluþjónustan Hlégarði

Hlégarður, Háholti 2, 270 Mosfellsbæ, sími 566 6195 / 892 9411

Mikill kraftur í skátafélaginu Mosverjum

Félagsútilega Mosverja

Skátafélagið Mosverjar hefur starfað af miklum krafti á árinu sem er að líða og margt spennandi er á dagskrá á nýju ári. Meðfylgjandi myndir eru teknar í félagsútilegu Mosverja sem haldin var í Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni helgina 5.-7. nóvember síðastliðinn. Þar mættu 83 Mosverjar á öllum aldri og skemmtu sér saman. Á daginn unnu skátarnir saman í hópum og kepptust við að leysa fjölbreyttar skátaþrautir. Á kvöldin voru hefðbundnar kvöldvökur og spennandi næturleikir. Eldri skátar gistu á staðnum, en yngstu skátarnir komu í dagsferð með rútu.

Mosverjar senda bæjarbúum og öðrum landsmönnum bestu óskir um gleðileg jól og þakka gott samstarf á árinu sem er að líða. Skátastarf hefst að loknu jólafríi mánudaginn 10. janúar 2011.

Bókasafn Mosfellsbæjar óskar Mosfellingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Bókasafnið er opið alla virka daga frá 12 - 19, miðvikudaga frá 10 - 19 og laugardaga frá 12 - 15.

Afgreiðslutími um jól:
Lokað aðfangadag og jóladag
Lokað gamlársdag og nýársdag

Styrkurinn afhentur á heimili Rebekku.

Hálf milljón safnaðist á styrktartónleikunum Jólaljós 2010

Kirkjukórinn færir Rebekku styrk

Tónleikar Kirkjukórs Lágafellssóknar til styrktar Rebekku Allwood voru haldnir í Guðríðarkirkju þann 21. nóvember síðastliðinn. Innkoman á tónleikunum var 500.000 kr. Myndin var tekin við afhendingu styrkjarins á dögunum heima hjá Rebekku. Á myndinni eru Rebekka, Valgerður Magnúsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir og Jón Þórður Jónsson. Ólöf Þráinsdóttir móðir Rebekku tók myndina.

TVÖ DÝRMÆT STIG Í HÚFI

UMFA ÍSLANDI ALLT 11. APRÍL 1909

Í KVÖLD - KL. 19:30

AFTURELDING - SELFOSS

UMF SELFOSS

N1 deild karla í handknattleik

Fimmtudagurinn 16. desember

Gleðileg jól og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu

5.000 KR.

Tilboð fram að jólum
Treyja og buxur 5.000 kr.

7.990 KR.
128-164

Hverri peysu fylgja FRÍAR buxur
að eigin vali, polyester eða microfiber

9.490 KR.
SMALL-4XL

NAMO

Opnunartími:
Mánud. til föstud. 9-18
Laugardagar 11-16

Namo ehf - Skútuvogi 11
104 Reykjavík (móti Blómaval)
Sími: 566 7310

www.jakosport.is

JAKO

Guðjón endurkjörinn formaður Harðar

Aðalfundur hestamannafélagsins Harðar var haldinn í Harðarbóli 25. nóv. Guðjón Magnússon var endurkjörinn formaður. Guðný Ívarsdóttir, Gyða Á. Helgadóttir og Sigurður Teitsson sitja áfram í stjórn, enda kosin til tveggja ára í fyrra. Nýir menn í aðalstjórn voru kosnir: Hörður Bender, Sigurður Guðmundsson og Sigurður Ólafsson. Úr aðalstjórn gengu Guðmundur Björgvinsson, Ingimundur Magnússon og Ragnhildur Traustadóttir, en þau voru öll kosin og tóku sæti í varastjórn. Þetta er allt saman sami hópurinn og sátu í aðal- og varastjórn, nema hvað Þórir Örn Grétarson vék sæti fyrir Herði Bender. Tilfæringarnar milli aðal- og varastjórnar eru gerðar þar sem lög félagsins gera ráð fyrir því að þrír menn víki úr aðalstjórn ár hvert.

Aðventuupplestrar á Gljúfrasteini

Aðventuupplestrar hafa verið fastur punktur í viðburðaflóru Gljúfrasteins frá opnun haustið 2004 enda andrúmsloftið í stofunni einstakt og tilvalið fyrir slíka andlega næringu í erli komandi vikna. Dagskráin á sunnudaginn hefst kl. 16 og er aðgangur ókeypis. Sunnudaginn 19. desember er dagskráin svohljóðandi: Eiríkur Guðmundsson - Sírópsmáni, Gerður Kristný - Blóðhófnir, Bjarki Bjarnason - Líkmenn glatkistunnar, Ófeigur Sigurðsson - Skáldsaga um Jón & hans rituðu bréf til barnshafandi konu sinnar þá hann dvaldi í helli yfir vetur & undirbjó komu hennar & nýrra tíma.

Magnús sýnir í annað sinn í Lágafellslaug

Magnús Guðmundsson heldur í annað sinn málverkasýningu í Íþróttamiðstöð Lágafells. Málverkin eru olía á striga sem Magnús hefur málað undanfarin ár. Sýningin stendur til lok janúarmánaðar. Allir velkomnir.

Guðjón Jensson grúskar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur

Rúm öld liðin frá fyrstu skemmtiferðaskipunum

Hér birtast nokkar myndir teknar af frönskum ljósmyndara á Kollafjarðareyrum í júlíbyrjun 1910. Þær eru fengnar að láni frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur og sýna prúðbúnar konur ásamt börnum sínum. Þær munu vera af Kjalarnesi og úr Mosfellssveit.

Fyrstu skemmtiferðaskipin með erlenda farþega komu fyrst til Íslands 1905. Skipin voru einkum frá þýskum útgerðarfyrirtækjum í Hamborg en farþegarnir af ýmsu þjóðerni. Árið 1910 kom hingað þýskt skemmtiferðaskip „Grosser Kürfürst von Bremen“ með nokkur hundruð farþega. Meðal þeirra voru vel stæð frönsk hjón og tók húsbóndinn fjölda mynda í ferðinni. Sá háttur var hafður að siglt var frá ytri höfninni í Reykjavík á léttabátum með farþegana upp í Kollafjörð. Þar var skipulögð hátíð sem fjöldi Íslendinga sóttu eins og sjá má af meðfylgjandi myndum frá Kollafjarðareyrum af prúðbúnum konum og börnum. Þá stóð hestaferð til boða fyrir þá sem vildu og treystu sér upp með Leirvogsá að Tröllafossi.

Kannast einhver við fólkið?

Töluvert öðru vísi er nú umhvorfs undir Esjuhlíðum en fyrir 100 árum. Nú er víða skógi vaxið neðst í hlíðunum. Fróðlegt væri ef einhver kannast við konurnar og börnin á myndunum og væri kærkomið að vita deili á þeim ef einhver þekkir einstaklingana á myndunum. Guðjón Jensson bókasafnsfræðingur og leiðsögumaður hefur kannað komu fyrstu skemmtiferðaskipanna til Íslands. Væri hann þakklátur fyrir hverja ábendingu sem væri til að varpa ljósi á þessi forvitnilegu mál. Sími hans er 566-7092.

Skemmtiferð var skipulögð með léttabátum skemmtiferðaskipsins Grossfürst von Bremen í Kollafjörð ásamt hestaferð þaðan upp með Leirvogsá að Tröllafossi.

Jólatrésala á fullu í Hamrahlíðarskógi

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar er með árlega jólatrésölu sína í Hamrahlíðarskógi við Vesturlandsveg. Jólasveinninn verður í skóginum kl. 14 bæði laugardag og sunnudag eftir að hafa gefið þægum krökkum í skóinn. Í skóginum getur fjölskyldan átt skemmtilega samverustund og sagað sér alíslenskt jólatré fyrir jólin. Í Hamrahlíð hafa verið ræktuð tré í rúm fimmtíu ár.

Kveikt í brennum í Mosfellsbæ

Á gamlárkvöld verður áramótabrenna í Ullarnesbrekkum. Mosfellsbær og handknattleiksdeild Aftureldingar standa fyrir brennunni sem kveikt verður í kl. 20.30. Öll meðferð skotelda á svæðinu er bönnuð en leyfilegt er að hafa meðferðis stjörnuljós. Á þrettándanum, fimmtudagskvöldið 6. janúar, verður svo árleg þrettándabrenna þar sem jólin verða kvödd. Blysför leggur af stað frá Miðbæjartorgi kl. 20. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar leikur, fjöldasöngur undir stjórn Karlakórsins Stefnis auk þess sem Gríla og Leppalúði verða á svæðinu með sitt hyski. Kyndill verður með glæsilega flugeldasýningu að vanda.

Aðventulestur á Hvirfli á laugardag

Næstkomandi laugardag kl. 15 verður lesið úr nýjum bókum á vinnustofu Þóru á Hvirfli í Mosfellsdal. Þeir sem lesa eru: Bjarki Bjarnason: Líkmenn glatkistunnar. Huginn Þór Grétarsson: Kanínan sem fékk ALDREI nóg. Allir velkomnir.

Gott til endurvinnslu

Jólatrjáasala
í Hamrahlíð

SKÓGRÆKTARFÉLAG MOSFELLSBÆJAR

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar verður með jólatrjáasölu í Hamrahlíð við Vesturlandsveg nú í desember.

Opið: Kl. 12-16 virka daga
Kl. 10-16 um helgar

Tekið er á móti hópum á öðrum tímum ef óskað er.
Hafið samband í síma 867-2516 / 897-9585 eða skogmos@internet.is

Hægt er að fara í skóginn og saga sjálfur tré en einnig verða til söguð tré á staðnum.

Til sölu eru:
- lifandi tré í pottum (1/2-1 m), greni og fura
- höggvin tré í öllum stærðum, greni og fura
- útlitsgölluð tré (veggtré)
- leiðisgreinar

TILBOÐ Í SNÆLANDI
490 KR
PYLSA + KÓK + KIT KAT

SNÆLAND VIDEO

HÁHOLT 14 - MOSFELLSBÆR

Gjafakort Íslandsbanka
– jólagjöf sem kemur að gagni

Með Gjafakorti Íslandsbanka hittir þú örugglega í mark og getur verið viss um að gefa gjöf sem allir kunna að meta.

- Tilbúin gjöf í fallegum umbúðum
- Gildir í verslunum um allan heim og á Netinu
- Virkar eins og önnur greiðslukort

Gjafakort Íslandsbanka fæst í öllum útibúum bankans.

Íslandsbanki

Ferskt ítalskt pasta eins og það gerist best!

Ítalir velja
GiovanniRana
Maestro Pastaio

Aðventunni fagnað í útikennslustofunni Vin

Á aðventunni komu allir nemendur yngri deildar Varmárskóla í heimsókn í Vin útikennslustofuna. Þeir hlustuðu á jólasögu og lásu upp ljóðin um Jólaköttinn og Grýlukvæði eftir Jóhannes úr Kötlum. Þeir dönsuðu í kringum eldinn og sungu jólalög. Að lokum fengu þeir heitt kakó og gæddu sér á smákökum sem þeir höfðu bakað heima. Þetta er annað árið sem þessi skemmtilega tilbreyting er viðhöfð.

Nemendur í 10. bekk gerast helgarforeldrar

Í nóvember gerðust nemendur í 10. bekk Varmárskóla helgarforeldrar og hugsuðu um raunveruleikabarn eina helgi. Nemendur lögðu til hliðar sínar þarfir eina helgi og sinntu „barni". „Barnið" er dúkka sem er hönnuð eins og ungbarn í útliti og hegðar sér sem slíkt. Markmiðið með þessu verkefni er að fá unglinginn til að reyna ábyrgð foreldrahlutverksins yfir eina helgi. Í tengslum við þetta verkefni fá unglingarnir tölu verða fræðslu um ábyrgðina sem felst í barnauppeldi. Nemendurnir fá fræðslu um skaðsemi tóbaks, áfengis og fíkniefna á meðgöngu og skaðsemina sem neysla veldur þeim og þeirra lífi. Einnig er fjallað um hættuna á „Shaken baby syndrome". Verkefnið er talið áhrifaríkt til jafnréttis og á vel við jafnréttisáætlun Varmárskóla.



Ágæti hundaeigandi

Af gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:
Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR

Jólaveisla
Jólamarkaður
Skötuveisla

Gunna í Dalsgarði sér um jólaborðið á Kaffihúsinu og Galleríinu á Álafossi.

Verið velkomin í ómótstæðilega jólaveislu Gunnu.

Skötuveisla á Þorláksmessu
frá kl. 14:00- 18:00
VERIÐ VELKOMIN

Enn nokkur sæti laus um helgina
Borðapantanir í síma 566-8030
Verð á mann 5.500 kr.

Jólamarkaður í Kvosinni

Alla helgina kl. 12–17.
Óvæntar uppákomur

Kaffihúsið á Álafossi
Álafossvegur 27
sími 566 8030

ÞRETTÁNDINN 2011

Hin árlega þrettándabrenna Mosfellsbæjar
verður miðvikudaginn 6. janúar 2011

Blysför leggur af stað frá Miðbæjartorginu kl. 20

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar leikur, fjöldasöngur undir stjórn Karlakórsins Stefnis.
Álfakóngur, álfadrottning, Grýla, Leppalúði og þeirra hyski verða á svæðinu.

Mosfellsbær
Björgunarsveitin Kyndill
Karlakórinn Stefnir
Leikfélag Mosfellssveitar
Skátafélagið Mosverjar
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar

Glæsileg flugeldasýning!

Næg bílastæði við Þverholt

BJÖRGUNARSVEITIN
KYNDILL
MOSFELLSBÆ

STYRKJUM
SJÁLFBOÐA
Í OKKAR HEI

FLUGELDASALAN
HEFST 28. DESEMBER

ÖFLUGT
ALIÐSSTARF
MABYGGÐ

BJÖRGUNARSVEITIN
KYNDILL
MOSFELLSBÆ

OPNUNARTÍMAR:

28. DES. 10-22
29. DES. 10-22
30. DES. 10-22
31. DES. 10-16

Sölustaðir er að Völuteigi (björgunarsveitarhúsið) og á Krónuplaninu í Háholti 13-15

20% AFSLÁTTUR

DÝRALÆKNIRINN MOSFELLSBÆ

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-18

Jólarósir Snuðru og Tuðru í Bókasafninu

Þann 9. desember var öllum 5 ára börnum bæjarins boðið á jólaleiksýningu í Bókasafni Mosfellsbæjar. Möguleikhúsið flutti leikritið Jólarósir Snuðru og Tuðru sem byggt er á sögum Iðunnar Steinsdóttur. Börnin skemmtu sér vel og voru fyrirmyndaráhorfendur.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

MINNUM Á SEBASTIANDAGINN 17. DES.
20% AFSL. AF SEBASTIAN VÖRUNUM

Jólakveðja frá stelpunum á Aristó hárstofu

ARISTÓ hárstofa
Háholt 14, s. 566-8989

GLEÐILEG JÓL

Sendum sveitungum okkar nær og fjær bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir það liðna.

Vinstri græn í Mosfellsbæ

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

www.vgmos.is

GLEÐILEG JÓL

www.isband.is
www.100bilar.is

Hubba Bubba

Jólasveinar!
Eigum allt í skóinn

GRILL NESTI
Háholt 24 - S: 566 7273

HÁDEGISTILBOÐ
Gildir kl. 11-16 fimmtudag og föstudag.

Súpa og brauð	550 kr.
9” með 2 áleggjum og gos	890 kr.
15” með 2 áleggjum	1.512 kr.
Stór brauðstangir og gos	550 kr.

HELGARTILBOÐ
Gildir kl. 13-16 laugardag og sunnudag.

9” með 2 áleggjum og gos	890 kr.
15” með 2 áleggjum	1.512 kr.
Stór brauðstangir og gos	550 kr.

Tilboðin gilda þegar sótt er eða borðað á staðnum

PIZZA Hrói Höttur 55 44444

OPIÐ

mán.	16:30-21
þri.	16:30-21
mið.	16:30-21
fim.	11-21
fös.	11-22
lau.	13-22
sun.	13-21

SÍMI: 55 44444
Hrói Höttur, Þverholti 2, Kjarna

Afgreiðslutími sundstaða um hátíðarnar

Lágafellslaug:

23. desember – Þorláksmessa	6:30 – 19:00
24. desember - Aðfangadagur	8:00 – 12:00
25. desember – Jóladagur	Lokað
26. desember - Annar í jólum	Lokað
31. desember - Gamlársdagur	8:00 – 12:00
1. janúar – Nýársdagur	Lokað

Varmárlaug:

23. desember – Þorláksmessa	6:15 – 19:00
24. desember - Aðfangadagur	8:00 – 12:00
25. desember – Jóladagur	Lokað
26. desember - Annar í jólum	Lokað
31. desember - Gamlársdagur	8:00 – 12:00
1. janúar – Nýársdagur	Lokað

Aðra daga er opið eins og venjulega.

Óskum Mosfellingum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Opnum hina frábæru leikja- og þrautabraut laugardaginn 18. desember

Brautin verður opin alla daga milli kl. 13:00 -17:00 um jól og áramót

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR

Jólaball

Hið árlega jólaball Mosfellsbæjar verður haldið í Hlégarði þriðjudaginn 28. desember kl. 17.

Edda Borg og hljómsveit skemmta og jólasveinar kíkja í heimsókn!
Verð: 700 kr.

Gleðileg jól

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar og Hlégarður

Jólatrésala AFTUREL DINGAR

Hin árlega jólatréssala verður nú á pallinum hjá Kaffi Kidda Rót og við hliðina á Krónunni.

Opnunartímar:

Opið verður dagana 11. og 12. des, 17.–19. des og 22. desember.

Virka daga kl. 17.00–20.00
Helgar 14.00–19.00

Tryggið ykkur tré í tíma og styðjið við íþróttastarf í heimabyggð!

ÞORRABLÓT

AFTURELDINGAR

laugardagskvöldið 22. janúar 2011

ÍÞRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ

Í SVÖRTUM FÖTUM

VEISLUSTJÓRI FREYR EYJÓLFSSON

BOB GILLAN OG ZTRANDVERÐIRNIR

HÚSIÐ OPNAR KL. 19
BORÐHALD HEFST KL. 20
VIGNIR Í HLÉGARÐI SÉR UM HLAÐBORÐIÐ
MINNI KARLA
MINNI KVENNA

N1 SUBWAY

UMFA ÍSLANDI TIL ALLS 11. APRÍL 1909

■ Miðaverð: 6.500 kr. ■ Miði eftir kl. 23.30: 2000 kr. í forsölu / 2.500 kr. við inngang

Allur ágóði rennur til barna- og unglingastarfs Aftureldingar

Í einlægu viðtali við Ruth Örnólfsdóttur segir Jóhannes Freyr Baldursson bakarameistari og sölumaður frá æskuárunum, sýningarstörfunum, söngnum og þeirri erfiðu lífsreynslu sem hann lenti í við kistulagningu móður sinnar.

Mér var mjög brugðið

Ég fæddist í Reykjavík 1. mars árið 1964. Móðir mín Guðbjörg Hallgrímsdóttir, sem er látin, var fædd árið 1928. Hún var ein af þessum íslensku alþýðukonum sem kölluðu ekki allt ömmu sína og starfaði við hin ýmsu verkamannastörf allt sitt líf. Faðir minn Baldur Gissurarson var fæddur árið 1925, hann hlaut sína menntun í skóla lífsins og starfaði við hin ýmsu störf á lífsleiðinni en þó lengst af í birgðamálum Kanans á Keflavíkurflugvelli. Bakkus fylgdi honum því miður eins og skugginn til margra ára en hann lést árið 2003.“

Töskurnar fullar af Ora fiskibollum

„Foreldrar mínir skildu þegar ég var kornungur, ég ólst upp hjá móður minni ásamt þremur systkinum mínum sammæðra. Þau heita Guðrún Kristín, Guðmundur Már og yngst er Kristín Þorbjörg. Ég á tvö systkini samfeðra, Sigurð og Kristínu en Sigurður lést árið 1992. Föður mínum kynntist ég ekki að neinu ráði fyrr en ég var fjórtán ára gamall. Við fórum stundum saman í sund en pabbi var mikill sundmaður og keppti í dýfingum.“

> ***„Í Módelsamtökunum kynntist ég konunni minni og um það leyti sem við hittumst fyrst þá sýndum við saman brúðkaupsfatnað, þremur árum síðar vorum við gift.“***

„Eldri uppeldissystkinin mín fluttu ung að heiman og ég hafði frekar lítið af þeim að segja í uppvextinum. Mamma vann mikið og kom það því oft í minn hlut að sjá um að sækja litlu systur í skólann og gefa henni að borða. Þessi mikla vinna mömmu kom þó ekki í veg fyrir að við ferðuðumst töluvert bæði innanlands og erlendis. Ég fór í mína fyrstu sólarlandaferð átta ára gamall. Ég man að við tókum með okkur fullt af mat í þá ferð því við treystum ekki á það að fá eitthvað gott að borða á framandi slóðum,“ segir Jóhannes hlæjandi að minningunni. „Við fylltum töskurnar af Ora fiskibollum, súpum og fleiru góðgæti en það varð breytingum háð eftir því sem ferðunum fjölgaði.“

Hjónin Jónheiður Lína og Jóhannes Freyr.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

Varð eftir í sveitinni

„Árið 1972 réði mamma sig sem ráðskonu ás sveitarbæ norður í landi. Eftir tveggja vikna dvöl fyrir norðan gafst hún upp og fór aftur í bæinn en ég tók ekki í mál að fara með og fékk að vera eftir í sveitinni út sumarið. Bóndinn hét Jóhannes eins og ég og þarna vorum við tveir saman og undum okkar hag vel. Við hjálpuðumst að við eldamennskuna, þvoðum af okkur þvott og svo rak hann mig í bað svona einu sinni í mánuði. Sveitin heillaði mig mjög mikið og ég fór norður á hverju sumri næstu sjö ár á eftir. Minnstu munaði að ég endaði í Bændaskólanum á Hvanneyri en guggnaði á síðustu metrunum.

Ég lauk grunnskóla frá Hólabrekkuskóla en eftir þau fór ég að vinna í frystihúsinu í Ólafsvík. Ég var sautján ára þegar ég skellti mér á eina vertíð á 70 tonna eikardalli en var fljótur að átta mig á því að sjómennskan var ekki fyrir mig.“

Sýndu saman brúðkaupsfatnað

„Einn góðan veðurdag sátum við vinirnir og skoðuðum auglýsingu í blaði frá Módelsamtökunum þar sem verið var að auglýsa námskeið í framkomu. Við mönuðum hvorn annan í að sækja um sem endaði þannig að ég var sá eini sem fór alla leið. Þetta var skemmtilegur tími, ég sýndi tískufatnað með samtökunum í nokkur ár. Við sýndum á hinum ýmsu stöðum, Skálafelli, Hótel Esju og svo þegar skemmtiferðaskipin komu í höfn í Reykjavík þá vorum við fengin til að sýna lopapeysur um borð. Frægastar voru þó sýningarnar okkar í Hollywood en þar vorum við með sýningar tvisvar í viku sem áttu engar sýnar líkar á landinu.

Í Módelsamtökunum kynntist ég konunni

> ***„Ég starfaði í bakstri í tuttugu ár og rak undir það síðasta Álfheimabakarí en hætti í faginu árið 2000 og snéri mér að sölu og markaðsmálum.“***

minni og um það leyti sem við hittumst fyrst þá sýndum við saman brúðkaupsfatnað, þremur árum síðar vorum við gift."

Heillaðist af Mosfellsbæ

„Eiginkona mín heitir Jónheiður Lína Steindórsdóttir og er hárgreiðslumeistari. Hún er alin upp hér og er ein af eigendum Aristó Hárstofu. Við kynntumst árið 1987 og byrjuðum okkar búskap í Reykjavík. Eftir rómantískar gönguferðir og vöfflukaffi hjá tengdó þá heillaðist ég alltaf meira og meira af umhverfinu og staðnum sjálfum. Við fluttum síðan í Mosfellsbæinn árið 1998. Við eigum tvö börn þau Alexander fæddan 1992 og Dórótheu fædda 1994. Börnin okkar eru bæði við nám í Verzlunarskóla Íslands auk þess sem þau stunda íþróttir af kappi."

Skellti sér í bakaranám

„Um átján ára aldur ákvað ég að skella mér í bakaranám. Ég útskrifast úr lönskólanum í Reykjavík árið 1986 og fékk meistararéttindi tveimur árum síðar. Ég starfaði í bakstri í tuttugu ár og rak undir það síðasta Álfheimabakarí en hætti í faginu árið 2000 og snéri mér að sölu og markaðsmálum. Í dag starfa ég hjá Íslensk ameríska verslunarfélaginu og hef þar á minni könnu sölumál til allra bakaría á landinu."

> ***„Þegar ég og konan mín sátum og hlustuðum á prestinn þá varð mér litið á kistuna og sá að hárið á mömmu var alveg silfurgrátt en þegar hún dó var hún með lit í hárinu."***

Hitinn hélt raddböndunum mjúkum

„Ég fann fljótlega eftir að ég byrjaði í bakstrinum að það var eitthvað við umhverfið sem gerði manni auðveldara að syngja. Hugsanlega var það hitinn sem hélt raddböndunum mjúkum," segir Jóhannes og brosir. Ég skellti mér í söngnám árið 1992 og kláraði 5. stig í klassískum einsöng og hef verið að syngja meira og minna síðan. Ég hef sungið með Karlakórnum Þresti í Hafnarfirði, Karlakór Reykjavíkur og síðan frá 2004 með Karlakór Kjalnesinga."

Ég spyr Jóhannes þar sem hann syngur oft einsöng við hin ýmsu tilefni hvort honum séu einhverjir tónleikar minnisstæðari en aðrir. „Já, eftirminnilegast er sennilega þegar ég söng á Kanaríeyjum árið 2006, prestur Íslendinganna þar fékk mig til þess að syngja einsöng í tveimur messum í stórri kirkju þarna úti. Það var troðfull kirkja í bæði skiptin, Íslendingar, útlendingar og heimamenn og hljómurinn var rosalegur, þetta var mögnuð upplifun. Einnig er mér eftirminnilegt er ég söng í útförum foreldra minna sem létust með fimm ára millibili."

Mistök í kistulagningu

„Kistulagningu móður minnar gleymi ég sennilega aldrei. Það byrjaði með því að þegar athöfnin var hafin og ég og konan mín sátum og hlustuðum á prestinn þá varð mér litið á kistuna og sá að hárið á mömmu var alveg silfurgrátt en þegar hún dó var hún með lit í hárinu. Við ræddum þetta aðeins í hálfum hljóðum og skildum þetta ekki alveg. Þegar kom svo að því að kveðja í síðasta sinn þá gekk ég fyrstur að kistunni og lyfti hulunni frá andlitinu, þá kom í ljós að um allt aðra konu var að ræða en móður mína. Mér var mjög brugðið, ég gekk rakleitt til prestsins og sagði honum að konan sem lægi þarna væri ekki móðir mín, hann trúði mér ekki í fyrstu."

Fjölskyldan fékk áfall

„Fjölskyldan áttaði sig ekki almennilega á þessu í fyrstu en þegar það gerðist þá fengu allir nett áfall. Útfararþjónustan brást skjótt við og fór strax í það að koma þessari ókunnugu konu aftur á sinn stað um leið og þeir sóttu konuna sem átti að vera þarna. Allir jöfnuðu sig samt furðufljótt og á meðan skiptin fóru fram vorum við færð til í húsinu, hellt var upp á kaffi og allt var gert til að biðin yrði sem notalegust. Starfsfólkið á staðnum gerði allt sem það gat til að hugga þá sem á því þurftu að halda. Að rúmum klukkutíma liðnum var allt orðið klárt aftur og við fórum inn með rétta konu í kistunni að þessu sinni."

DV baðst afsökunar

„Já" segir Jóhannes alvarlegur um leið og hann rifjar þetta upp, „öllu gat maður átt von á en ekki kannski þessu í sjálfri kistulagningunni en það geta auðvitað öllum orðið á mistök. Dagana og vikurnar eftir útförina var þessi upplifun alltaf að fljúga í gegnum hugann en ég reyndi að ýta þessu frá mér, þetta var búið og gert.

Leiðinlegasta kannski við þetta allt saman var að daginn eftir kistulagninguna birtist frásögn af þessu á forsíðu DV. Það kom aldrei í ljós hver hefði lekið þessu þangað en blaðið sá sóma sinn í því nokkrum dögum síðar að biðjast afsökunar á þessari birtingu eftir að við höfðum lýst óánægju okkar við ritstjóra blaðsins, fjölskyldan var þakklát fyrir það."

Frakkaklæddur maður við dyrnar

„Þegar við komum heim úr kistulagningunni beið á stéttinni hjá okkur frakkaklæddur maður, dökkur yfirlitum og með skegg. Það fór aðeins um mig svona eftir allt sem hafði gengið á fyrr um daginn því ég vissi ekki hver þetta var en þarna var útfararstjórinn mættur og var alveg miður sín yfir þessum leiðu mistökum og hann tjáði okkur strax að við þyrftum ekki að hafa neinar áhyggjur af kostnaði vegna útfarar móður minnar. Svo merkilegt var að ekki löngu áður en móðir mín dó þá sagði hún við okkur systkinin að við þyrftum ekki að sjá um útförina hennar fjárhagslega, hún myndi sjá um það. Við tókum þessu ekki alvarlega þar sem hún var á morfíni sína síðustu daga og ruglaði mikið, en eitthvað hefur hún fundið á sér. Fyrir sjálfa útförina gerðu eldri systkini mín þá kröfu að fá að sjá konuna sem átti að jarða áður en kistunni var lokað, svona til öryggis.

> ***„Ég gekk rakleitt til prestsins og sagði honum að konan sem lægi þarna væri ekki móðir mín, hann trúði mér ekki í fyrstu."***

Ferðalögin í tengslum við íþróttamót

„Við fjölskyldan unum hag okkar vel hér í Mosfellsbæ og förum mikið í göngutúra. Við reynum að ferðast eins mikið um landið okkar og hægt er yfir sumartímann, en mikill hluti þeirra ferðalaga er í tengslum við íþróttamót barnanna okkar sem er reyndar alveg frábært og gefandi í alla staði.

Í vetur ætla ég að syngja með Karlakór Kjalnesinga, en set einnig stefnuna á einsöngsbrautina og að syngja við hin ýmsu tækifæri eins og jarðarfarir og brúðkaup," segir Jóhannes sem tók lagið að ósk blaðamanns að lokum.

HIN HLIÐIN

Nafn: Jóhannes Freyr Baldursson

Fjölskylduhagir: Ég er giftur Jónheiði Línu Steindórsdóttur. Við eigum tvö börn og hundinn Aristó

Lýstu þér í fjórum orðum: Stressaður, samviskusamur, ljúfur, óþolinmóður

Fallegasti staður í Mosfellsbæ? Lágafellið og umhverfið þar í kring á góðum degi

Hvern myndir þú helst vilja hitta? Afana mína og ömmurnar sem ég hitti því miður aldrei

Eitt atriði um þig sem fólk veit ekki um? Vann til verðlauna á hestamannamóti 1976. Kóngur einn dag.

Hvernig hljóma síðustu sms skilaboðin í símanum þínum? Hún er klár...er ca. 133.000

Hvað myndi ævisagan þín heita? Draumur sveitapiltsins

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Biðraðir af öllum gerðum

Á fermingardegi Dórótheu. Jóhannes Freyr, Alexander, Dóróthea, Jónheiður og hundurinn Aristó.

Jóhannes ásamt móður sinni, Guðbjörgu Hallgrímsdóttur og systur sinni Kristínu Þorbjörgu.

Myndir: Ruth Örnólfs, Harpa Hrund og úr einkasafni

Hátíð fer að höndum ein...

Ágætu Mosfellingar

„Hátíð fer að höndum ein, hana vér allir prýðum, lýðurinn tendri ljósin hrein..." þannig hefst ævaforn þjóðvísa, sem fylgt hefur þjóðinni gegnum áratugina, sungin á aðventunni nú sem endranær. Hátíð ljóss og friðar er í aðsigi, jólin nálgast.

Þjóðvísnahöfundar gömlu tímanna voru vakandi fyrir blæbrigðum yrkisefnisins. Í stefinu er minnt á að hátíð þarfnast undirbúnings, fólk þarf að prýða sig og snyrta, einnig þarf að tendra ljós og bjóða þanning frelsaranum velkominn.

Í viðbót við þetta bætast svo jólagjafainnkaupin og ótal atriði önnur sem tengjast skipulagningu og ýmsu sem við kemur hátíðinni sjálfri. Að ýmsu er að hyggja og vonandi blessast allt saman, þannig að jólin verði jákvæð upplifun.

Kirkjan vill að venju leggja sitt að mörkum til þess að söfnuðurinn í Mosfellsbæ geti fagnað fæðingu Krists á góðan og jákvæðan hátt á þessum jólum. Boðið er upp á messur og helgihald um jólin, samkvæmt venju (sjá uppl. á öðrum stað í blaðinu). Kirkjukórinn, organistinn, söngvarar og hljóðfæraleikarar, auk prestanna, munu annast guðsþjónusturnar og er undirbúningur í gangi.

Vonandi verður hátíðin blessunarrík og er það ósk kirkjunnar og bæn, að friður Guðs megi ríkja í hjörtum okkar á helgum jólum. Vissulega er þetta ekki sjálfgefið, undanfarin misseri hafa verið mörgum erfið. Fjárhagslegar áhyggjur hafa verið mörgum erfiðar; sums staðar hefur atvinnumissir, ástvinamissir eða aðrar hremmingar kastað dökkum skuggum yfir dagana.

Þjóðin hefur verið að reyna að vinna sig út úr þeirri lægð sem við öll þekkjum, neikvæðar fréttir og frásagnir af virðingarleysi og firringu hafa dunið á okkur undanfarið, það hafa verið erfiðir tímar hjá mörgum. En nú er tími kominn til að horfa fram á veginn með jákvæðni.

Mikilvægt er að styðja við öll góð verk, hjálpa og uppörva, vera innanhandar ef einhver þarfnast hjálpar, rétta hjálparhönd þeim sem minna mega sín. Sigurbjörn heitinn Einarsson segir svo fallega í einum sálma sinna:

Að létta bróður böl,
að bæta raunir hans.
Að seðja, gleðja og græða mein,
sé gleði kristins manns.

Mosfellingum óskum við gleðilegra jóla og Guð blessunar í lífi og starfi.

Fh. Starfsfólks kirkjunnar:
Sr. Skírnir Garðarsson

Jólahugvekja

FMOS
Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ

Stuðningsfulltrúi á starfsbraut

Laus er til umsóknar 50-60% staða stuðningsfulltrúa við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Starfið felst í stuðningi og aðstoð við nemendur á starfsbraut. Leitað er að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika og hefur áhuga á að vinna með ungu fólki. Æskilegt er að umsækjendur hafi lokið stúdentsprófi og hafi góða tölvufærni.

Laun greiðast eftir kjarasamningi fjármálaráðherra
og viðkomandi stéttarfélags.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ kennir sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi og leggur áherslu á að vera í góðum tengslum við umhverfi sitt, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ. Skólinn er framhaldsskóli með áfangasniði þar sem í boði eru stúdentsbrautir, styttri námsbrautir og almenn námsbraut. Helstu áherslupunktar í kennsluháttum skólans eru fjölbreyttar verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og margs konar námsmat með sérstakri áherslu á leiðsagnarmat.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. janúar 2011.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist Guðbjörgu Aðalbergsdóttur skólameistara í netfangið gudbjorg@fmos.is eða Guðrúnu Guðjónsdóttur aðstoðarskólameistara í netfangið gudrun@fmos.is. Einnig er hægt að senda umsóknir í pósti: Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Brúarlandi, 270 Mosfellsbær.

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 28. desember 2010.
Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublöðum.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Nánari upplýsingar veitir skólameistari í netfanginu gudbjorg@fmos.is eða í síma 864-9729 og aðstoðarskólameistari í netfangið gudrun@fmos.is eða í síma 845-8829.
Á vef skólans www.fmos.is má einnig finna ýmsar upplýsingar um skólann.

Skólameistari

Skreytingadagur í Lágafellsskóla

Föstudaginn 3. desember var haldinn skreytingardagur í Lágafellsskóla. Foreldrar voru hvattir til að koma í skólann og taka þátt í að föndra og skreyta skólann. Margir foreldrar gerðu sér ferð og áttu notalega stund með börnum sínum. Í hátíðarsal skólans var sannkölluð kaffihúsastemming þar sem boðið var upp á heitt kakó og piparkökur en það voru nemendur af unglingastigi sem stóðu vaktina í salnum og stóðu þeir sig með prýði. Dagurinn þótti takast afar vel og eins og sjá má á meðfylgjandi myndum, voru ánægð börn og foreldrar í hverju horni í sannkallaðri jólagleði.

KOMDU MEÐ MÉR Í
GAMLÁRS PARTÝ
Á CAFE KIDDA RÓT

HÚSIÐ OPNAR KL. 00:30
DÚETTINN HLJÓMUR SPILAR
FRAM Á RAUÐA NÓTT
AÐGANGSEYRIR 1.500 KR.

Cafe Kidda Rót

Dúettinn
HLJÓMUR

CAFE KIDDA RÓT • HÁHOLTI 13-15 • 270 MOSFELLSBÆ

Óskum öllum Mosfellingum
og nærsveitungum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.

Með kærri þökk fyrir
viðskiptin á árinu sem er að líða.

Minnum á gjafakortin
í jólapakkann

GK Snyrtistofa
Kjarna - Þverholti 2 - Sími: 534 3424

Hjálparsveinar úr röðum fótboltans

Strákarnir í 2. flokki og meistaraflokki taka ýmis verkefni að sér. Þriðjudaginn 21. des. kl. 20-21 verða þeir í Vallarhúsinu að Varmá til að aðstoða þá sem eru önnum kafnir síðustu dagana fyrir jól. Þeir sem vilja geta komið með vel merkta pakka, sem keyrðir verða út þremur dögum síðar kl. 10-13. Kostnaður er 1.000 á heimili.

Meistaraflokkurinn sér um jólabónið

Laugardaginn 18. des kl. 9-16 verður meistaraflokkur karla í knattspyrnu í áhaldahúsinu Völuteigi og bóna. Sækjum bíla ef óskað er. Sama gamla verðið. Uppl. í s: 663-9704.

MOSFELLINGUR
KEMUR NÆST ÚT
13. JANÚAR

Stuðningur við meistaraflokk karla í knattspyrnu

Styrktarklúbbur meistaraflokks

Undanfarið hefur verið unnið að stofnun styrktarklúbbs meistaraflokks karla í knattspyrnu. Stuðningsmenn geta heitið stuðningi við liðið og greitt mánaðarlega styrktarframlag, gegn því að fá ársmiða á alla heimaleiki í deildinni næsta sumar, kaffi í hálfleik og léttar veitingar með leikmönnum eftir leik. Viðtökur við verkefninu hafa verið mjög góðar.

Leikmenn meistaraflokks og þjálfarinn Þorsteinn Magnússon verða í Kjarna kl. 17-18 alla daga fram að jólum og ræða við bæjarbúa ásamt því að bjóða mönnum upp á að ganga í styrktarklúbbinn. Stjórn meistaraflokks, leikmenn og þjálfari þakka þeim fjölmörgu sem þegar hafa gengið til liðs við klúbbinn og vonast eftir enn fleirum í gott spjall um boltann.
Á myndinni má sjá John Andrews leikmann meistaraflokks karla og þjálfara meistaraflokks kvenna og Þorstein Magnússon þjálfara meistaraflokks karla.

Ungmenni með yngri landsliðum KSÍ

Landsliðsmenn framtíðarinnar

Á haustmánuðum hafa nokkur efnileg ungmenni úr knattspyrnudeild verið kölluð til æfinga hjá yngri landsliðum KSÍ og æft þar aðra hverja helgi. Þetta eru allt ungmenni sem hafa lagt mikið á sig við æfingar með Aftureldingu allt frá unga aldri og er það þeim því mikill heiður að taka þátt í svona skemmtilegum verkefnum í viðbót við leiki og æfingar með sínu félagi. Sum þeirra eru aðstoðarþjálfarar hjá yngstu flokkunum og eru því iðkendum þar mikil fyrirmynd.

Á stóru myndinni má sjá, efri röð: Ægir Snorrason, Anton Ari Einarsson, Magni Kolbeinsson, Sigurður Friðriksson. Neðri röð: Telma Þrastardóttir, Guðrún Ýr Jóhannesdóttir, Snædís Guðmundsdóttir. Til hliðar eru þeir Gunnar Logi Gylfason, Arnór Snær Guðmundsson og Elvar Ingi Vignisson. Gaman verður að fylgjast með þessu efnilega knattspyrnufólki sem sprettur upp hjá Aftureldingu.

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Sorphirða um hátíðirnar

Sorphirða milli jóla og nýjárs verður þann 20. og 29. desember og síðan 6. og 7. janúar.

Að gefnu tilefni eru húsráðendur hvattir til að merkja húsin með húsnúmerum og moka frá sorptunnum ef þannig viðrar um jólin.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar *óskar bæjarbúum gleðilegra jóla*

Lilja Petra gefur út bókina Power of Earth within you

Ferðalag um Ísland í gegnum rafbók

„Power of Earth is within you" er titill á nýrri rafrænni bók sem kemur út á vetrarsólstöðum, 21.desember. Í henni fer höfundurinn Lilja Petra Ásgeirsdóttir með þér í ferðalag um Ísland, segir þér þjóðsögur og fróðleik um náttúruna en einnig leiðir hún þig inn í heim hins óséða og opnar augu þín fyrir því hvernig kraftur jarðar endurspeglast í þér. Hún fær í lið með sér kærleikskennarann John Armitage sem tengir þig við hið guðlega í sjálfum þér og óravíddir sköpunarinnar. Þessi fyrsta bók Lilju er á ensku en íslensk útgáfa bókarinnar er væntanleg á vorjafndægrum, 21.mars 2011. Hægt er að lesa brot úr bókinni á www.bringerofnewearth.wordpress.com

Leiðsögumaður líkama og sálar

Lilja Petra kallar sig stundum leiðsögumann líkama og sálar en hún er bæði lærður leiðsögumaður og heilsuráðgjafi. Hún hefur kennt shamballa heilun víða um heim á síðustu árum ásamt manni sínum. Saman hafa þau farið með erlenda gesti um landið og tengt saman frumkraftana sem hér eru svo áþreifanlegir við hina ósýnilegu vitund sem býr í öllu. Gestirnir hafa því ekki bara upplifað nýtt land heldur einnig uppgötvað sjálfa sig á nýjan hátt.

Seld í gegnum vefverslun

Bókin verður seld í gegnum vefverslunina www.puls.is og Amazon. Af andvirði hverrar bókar renna 200 krónur í styrktarsjóð Ellu Dísar sem hefur barist við erfiðan sjúkdóm. Þeir sem kaupa bókina fyrir 31. desember fá einnig 1.000 króna gjafabréf í meðferð að eigin vali hjá Lilju Petru í Heilsu og hamingjulindinni í Lágafellslaug.

Í tilefni útgáfunnar og ljósa hátíðar mun Lilja lesa upp úr bókinni og leiða hugleiðslu þriðjudaginn 21. desember klukkan 20.00 í sal Þjóðdansafélags Reykjavíkur í Mjóddinni.

Allir velkomnir.

Lilja Petra Asgeirsdottir

Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar

Sonja Riedmann löggiltur sjúkraþjálfari

Inga Rán Gunnarsdóttir löggiltur sjúkraþjálfari

Óskum Mosfellingum gleðilegra jóla

Heilsusýningin "Ný byrjun" frá Heilsu & Forvörnum um bættan lífsstíl
Tímapantanir nauðsynlegar

Ný byrjun:

- **Næring**
  Kostir jurtafæðu
- **Hreyfing**
  Kostir heilsuræktar
- **Vatn**
  Kostir vatnsneyslu
- **Sólskin**
  Líkamleg og andleg áhrif
- **Bindindi**
  Hvenær er um fíkn að ræða?
- **Loft**
  Hvernig tryggjum við lungunum hreint loft?
- **Hvíld**
  Helstu kostir hvíldar
- **Traust**
  Trú, von og kærleikur



Öll almenn sjúkraþjálfun • Ýmis einstaklings- og hópa námskeið • Vönduð og persónuleg þjónusta í 15 ár

Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar • Skeljatanga 20 • 270 Mosfellsbæ • Sími 566-8520 • Netfang: sonjarv@simnet.is

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á ÁRINU

ÓSKUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI

STARFSFÓLK GRILLNESTIS

GRILL NESTI

HÁHOLT 24 - SÍMI 566-7273

Vel heppnað mót badmintondeildar

Badmintondeild Aftureldingar hélt vel heppnað mót síðustu helgina í nóvember að Varmá. Mótið var liður í svo kallaðri stjörnumótaröð Badmintonsambands Íslands þar sem allir bestu badmintonspilarar landsins yngri en 19 ára tóku þátt og voru þeir á annað hundrað. Þar af vorum 12 krakkar frá Aftureldingu. Allir krakkarnir stóðu sig mjög vel og ljóst er að þjálfararnir þau Ragna, Halldóra og Vignir eru að vinna gott starf.
Tveir leikmenn Aftureldingar unnu til verðlauna að þessu sinni. Stefán Ás Ingvarsson sigraði í einliðaleik í flokki U15, en þess má geta að Stefán tapaði ekki lotu á mótinu. Þeir Stefán Ás og Guðmundur Ágúst Thoroddsen sigruðu síðan í tvíliðleik U15. Á myndinni má sjá þá Stefán Ás og Guðmund með verðlaunin. Þess má einnig geta að Stefán Ás er nýlega kominn úr landsliðsferð frá Færeyjum en hann var ásamt Daníel Jóhanssyni úr TBR valinn sem fulltrúi Íslands í U15 ára landsliðið.

Yngsti keppnishópur fimleikadeildarinnar á byrjendamóti

Silfur á Hamarsmóti

Yngsti keppnishópur fimleikadeildar Aftureldingar hreppti silfurverðlaunin á byrjendamóti í hópfimleikum sem haldið var hjá Hamri í Hveragerði á dögunum. Stelpurnar sem eru að stíga sín fyrstu skref á mótum stóðu sig frábærlega og verður spennandi að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Þriðja sæti á Norðurlandamóti í klifri

Mosfellingurinn Kjartan Jónsson, 17 ára, vann á dögunum bronsverðlaun á Norðurlandameistaramóti í klifri í sínum flokki. Mótið fór fram í Solna Klatterklubb í Stokkhólmi við frábærar aðstæður þar sem 123 ungmenni frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi kepptu og var þetta fjölmennasta Norðurlandamótið til þessa. Kjartan hefur æft klifur í fjögur ár og náði fljótlega góðum árangri í greininni. Hann varð íslandsmeistari unglinga árið 2008 og 2009 og náði öðru sæti á Norðurlandamóti í línuklifri árið 2008. Ásamt Kjartani keppti Bryndís Muller, 13 ára, á mótinu og vann hún einnig bronsverðlaun.

Gott til endurvinnslu

Frá undirritun samninga. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri Aftureldingar, John Andrews og Hallur Birgisson formaður meistaraflokksráðs.

John Andrews þjálfar áfram meistaraflokk kvenna í fótbolta

Ráðinn til tveggja ára

Írinn John Andrews hefur skrifað undir tveggja ára samning við Aftureldingu um að þjálfa kvennalið félagsins áfram en hann tók við liðinu á miðju sumri og stýrði því út tímabilið. John Henry Andrews er 32 ára gamall. John er varnarmaður og lék með Cork City á Írlandi auk þess sem hann var á mála hjá enska félaginu Coventry á árunum 1995-1998. Hann var aðstoðarþjálfari hjá meistaraflokki kvenna í Aftureldingu sumarið 2008 er Gareth O'Sullivan stýrði liðinu. Miklar væntingar eru til þess að hann komi með reynslu sína úr atvinnumennsku inn í starf félagsins.

Hann hefur þjálfað m.a. yngri flokka kvenna og karla, Hvíta riddarann og að auki aðstoðað við þjálfun meistaraflokka félagsins. Undirbúningur liðsins er hafinn af fullum krafti og fer vel af stað.

FIMMTUDAGUR 16. DESEMBER KL. 19:30

NÝ deild karla að Varmá í kvöld

Afturelding - Selfoss

Kjör íþróttamanns og íþróttakonu Mosfellsbæjar

Óskað er eftir útnefningu á íþróttafólki sem náð hafa eftirfarandi árangri og hafa lögheimili í Mosfellsbæ en æfa með íþróttafélögum utan Mosfellsbæjar: hafa orðið Íslandsmeistarar, deildarmeistarar, bikarmeistarar, landsmótsmeistarar og hafa tekið þátt og/eða æft með landsliði. Tilefnið er kjör íþróttakonu og íþróttakarls Mosfellsbæjar fyrir árið 2010.

Vinsamlegast hafið samband við íþróttafulltrúa Mosfellsbæjar í síma 6600750 eða á sgl@mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

Vantar þig vinnu/aukavinnu?

Við leitum að duglegu og jákvæðu fólki,
sem vill taka stjórn á eigin framtíð.

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI

Kíktu á síðuna ef þú ert rétti aðilinn og fáðu frekari upplýsingar.

www.heilsufrettir.is/solosk
s: 891-9883



Gluggar
Útihurðir
Sérsmíði
...í réttum gæðum

GK GLUGGAR

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

VIÐ ERUM NÚ ORÐIN ÞJÓNUSTUAÐILI
FYRIR ÚRVINNSLUSJÓÐ

Þú getur komið með bílinn til okkar og fengið skilagrein
fyrir 15.000 króna úrvinnslugjaldi.

GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

MOSFELLINGUR *NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT 13. JANÚAR*
SKILAFRESTUR EFNIS OG AUGLÝSINGAR TIL HÁDEGIS 10. JANÚAR

Kyndill lýsir þér leið

Fyrir þá örfáu sem það ekki vita þá hefur Björgunarsveitin Kyndill rekið öflugt slysavarnar- og björgunarstarf í bæjarfélaginu í rúm 40 ár. Sveitin hefur sjaldan verið jafn sterk og nú enda hefur starfið verið öflugt og nýliðun með besta móti.

Sveitin hefur yfir að ráða þekkingu og tækjabúnaði sem hefur skipað henni í röð fremstu björgunarsveita á landsvísu, þá sérstaklega á sviði leitar og björgunar á vélsleðum. Viðhald og endurnýjun slíkra tækja og annars búnaðar sem sveitin nýtir er kostnaðarsamt en jafnframt nauðsynlegur hluti starfsins.

Því leitar Björgunarsveitin Kyndill eftir aðstoð sveitunga sinna, nú sem endranær. Ein mikilvægasta fjáröflun björgunarsveitarinnar er sala flugelda um hver áramót. Útkoma flugeldasölunnar segir til um hvort sveitin nær að starfa óskert milli áramóta. Það er því mikilvægt að sveitungar sýni samstöðu og styðji áfram slysvarnar- og björgunarstarf í bænum með kaupum á flugeldum hjá Kyndli.

Að venju eru sölustaðirnir tveir. Annars vegar í húsi sveitarinnar við Völusteig og hins vegar í skúr á Krónuplaninu í Háholti. Flugeldasala Kyndils verður opin dagana 28.-30. desember kl. 10-22 og kl. 10-16 þann 31. desember.

Kyndill þakkar veittan stuðning og óskar sveitungum sínum gleðilegs nýs og öruggs árs!

Ólafur Arnar Jónsson

Horfum fram á veginn

Undanfarnar vikur hefur verið unnið hörðum höndum við gerð fjárhagsáætlunnar sem tekin verður fyrir til seinni umræðu á næsta bæjarstjórnarfundi. Eitt mikilvægasta verkefni allra sveitarstjórnamanna er einmitt gerð fjárhagsáætlunar, í henni eru mótuð skref næstu missera.

Ekki þarf að tíunda í hverslags umhverfi þessi vinna fer nú fram, enda öllum kunnugt um það erfiða ástand sem við er glímt um land allt um þessar mundir. Það er ljóst að margar þær ákvarðanir sem hafa verið teknar um niðurskurð og frestun framkvæmda hafa reynt á þolrifin hjá okkur sem tökum þær. Öllum var ljóst að ekki væri fært lengur að reka bæjarsjóð með halla og nú tókst að ná jafnvægi í rekstri bæjarins. Það kemur í veg fyrir að næstu kynslóðir þurfi að takast á við þau vandamál sem hallarekstri fylgja.

Samstíga meirihluti

Ég get þó með góðri samvisku sagt, að einstaklega samstíga hópur meirihlutans ásamt embættismönnum og forstöðumönnum stofnana hefur frá upphafi vinnunar haft að leiðarljósi að standa af öllum krafti eins mikinn vörð og hægt er um velferðar-, skóla – og fjölskyldumál.

Þó að framkvæmdir bæjarins verði í algeru lágmarki eins og gefur að skilja, er þó ljóst að hafist verður handa við byggingu hjúkrunarheimilis og framhaldsskóla í samvinnu við ríkisvaldið á næsta ári. Ekki þarf að fjölyrða um það, hvaða þýðingu þær framkvæmdir hafa fyrir bæjarbúa.

Þakklát fyrir traustið

Nú er þetta ár senn á enda runnið og vonandi hefur það reynst sem flestum farsælt og gott. Hjá okkur sem lifum og hrærumst í pólitíkinni eru kosningaár eins og það sem nú er brátt liðið alltaf einstök og minnisstæð.

Í síðastliðnum kosningum fengum við Vinstri græn góða kosningu og héldum okkar hlut frá þeim fyrri eftir að hafa verið í meirihluta með sjálfstæðismönnum á síðasta kjörtímabili. Fylgi flokksins í Mosfellsbæ var með því mesta sem VG fékk á landsvísu. Fyrir það vorum við og erum afar þakklát og þökkum þann stuðning og traust sem okkur var nú sýnt öðru sinni.

Eins og allir vita ákvað sami meirihluti að halda áfram góðu samstarfi sínu og göngum við öll full bjartsýni til starfa fyrir sveitarfélagið og munum leggja okkar að mörkum til góðra verka nú sem endra nær.

Ég færi Mosfellingum öllum nær og fjær mínar bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.

Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar.

Umhugsunarefni vegna hækkandi launa bæjarstjóra

Vegna skrifa um hækkun á launum bæjarstjóra og greiðslu ýmissa fríðinda sem skrifað var um í síðasta tölublaði Mosfellings þá get ég nú bara varla enn trúað því sem ég þar las! Ég varð svo reið eftir lestur þessarar fréttar um að núverandi bæjarstjóri og meirihluti samþykktu að hækka laun bæjarstjórans um tvo launaflokka og láta hann ennþá njóta ýmissa fríðinda sem er bara alveg út úr kú í því erfiða skuldaástandi sem sveitarfélagið er í. Hverskonar bæjarstjórn, og já, bæjarstjóra sitjum við eiginlega uppi með sem samþykkja svona rugl? Eruð þið ekki í lagi?

Mér er gjörsamlega misboðið sem skattborgara í þessu sveitarfélagi þegar talað er um sparnaðaraðgerðir fyrir sveitarfélagið til hægri og vinstri, skerta þjónustu, lokanir víðsvegar og hækkandi álögur á íbúa, þá virðist bara vera allt í lagi að hækka laun bæjarstjórans. Þvílík frekja og vanvirðing við þegna þessa sveitarfélags. Ég sem sjálfstæðismanneskja sem viðurkennir að hafa endurkosið þennan bæjarstjóra í síðustu kosningum, mun ekki falla í þá gryfju aftur.

ALDREI AFTUR!!! Mitt atkvæði er Sjálfstæðisflokknum að fullu glatað með svona háttalagi og vonandi munuð þið sveitungar mínir einnig muna þessa framkomu bæjarstjórnar í næstu kosningum. Ekki gleyma þætti Vinstri grænna í þessum skrípaleik heldur. Látum ekki svona svívirðu yfir okkur ganga. Geymt en ekki gleymt segi ég.

Skammist ykkar svo allir sem einn í meirihlutanum.

Hólmfríður D. Magnúsdóttir

AÐSENDAR GREINAR

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfundi.

Staðreyndir um laun bæjarstjóra

Vegna greinar sem varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, Hanna Bjartmars, ritaði í Mosfelling nýlega undir yfirskriftinni „Laun bæjarstjóra" teljum við nauðsynlegt að koma neðangreindum upplýsingum á framfæri. Ástæðan er sú að í greininni koma fram villandi upplýsingar sem felast í því að þeir sem ekki til málsins þekkja gætu skilið sem svo að laun bæjarstjóra hafi hækkað.

Hið rétta er að laun bæjarstjóra Mosfellsbæjar hafa lækkað alls um 17% frá því að ráðningarsamningur var gerður haustið 2007.

Lækkunin greinist með eftirfarandi hætti:

1. janúar 2009. Lækkun um 7,56% skv. úrskurði Kjararáðs, en laun bæjarstjóra eru tengd við laun ráðuneytisstjóra

1. janúar 2010. Lækkun um 3% skv. ósk **bæjarstjóra**

1. nóv. 2010. Lækkun um 5% skv. nýjum ráðningarsamningi

1. nóv. 2010. Lækkuð hlunnindi, 1% af launum skv. nýjum ráðningarsamningi

Uppreiknað er hér um að ræða rúmlega 17% launalækkun á tímabilinu.

Varðandi þá launaflokkatilfærslu sem getið er um í greininni, er hún tilkomin vegna þess að launflokkur bæjarstjóra er tengdur við launaflokk ráðuneytisstjóra og ákvarðaði Kjararáð þær breytingar. Þessi tilfærsla leiddi ekki til hækkunar launa.

Okkur þykir leitt að þurfa að leiðrétta greinar sem kjörnir fulltrúar skrifa, sérstaklega þar sem viðkomandi veit betur en við teljum nauðsynlegt að Mosfellingar hafi réttar upplýsingar um mál sem þetta.

Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar
Herdís Sigurjónsdóttir, formaður bæjarráðs
Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi
Hafsteinn Pálsson, bæjarfulltrúi

Götuna fram eftir veg

Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?
Jónas Hallgrímsson: Ísland.



Mosfellsbær er víðfeðmur og teygir sig hálfa leið til Þingvalla og Hveragerðis. Um sveitarfélagið liggja stígar og slóðar af ýmiskonar uppruna og gerðum, til dæmis fornar þjóðleiðir, gamlar kindagötur og línuvegir.

En Mosfellsbær er ekki einungis fjöll og heiðar heldur einnig hluti af stærsta þéttbýlissvæði landsins. Með fjölbreyttari ökutækjum og vaxandi áhuga á útivist hefur notkun á stígum og ökuslóðum innan bæjarfélagsins stóraukist á undanförnum árum. En ekki er alltaf ljóst hvar má aka og á hvernig farartækjum. Þar takast á sjónarmið margra aðila, bæði landeigenda, hestamanna, gangandi fólks og ökumanna, eins og vel kom fram á fjölmennum fræðslufundi sem Umhverfis- og náttúrufræðifélag Mosfellsbæjar (UNM) og Mosfellsbær héldu hinn 18. nóvember.

Ég tel það brýnt að mismunandi viðhorf og skoðanir í þessum efnum verði samræmd svo sátt ríki um notkun á stígum og slóðum innan bæjarfélagsins. Hvar má til dæmis aka á jeppum, fjórhjólum og vélhjólum? Og getur umferð hestamanna og vélknúinna ökutækja farið saman? Hvar leyfa landeigendur umferð ökutækja um land sitt og hvar er hún óheimil? Þessum spurningum er ekki alltaf fljótsvarað og nauðsynlegt að bæjaryfirvöld skerpi á reglum á þessu sviði. Þess vegna fagna ég því að á fundi í umhverfisnefnd Mosfellsbæjar hinn 9. desember var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Gamli Þingvallavegurinn, sem liggur þvert yfir Mosfellsheiði, er merkilegt mannvirki frá seinustu árum 19. aldar. En á hvaða farartækjum má aka hér? Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað.

„Umhverfisnefnd leggur til að formaður nefndarinnar og umhverfisstjóri Mosfellsbæjar hefji vinnu við kortlagningu stíga og slóða í landi bæjarins, bæði gönguleiða, reiðvega og ökuslóða. Verkið verði unnið í samráði við hagsmunaaðila, svo sem hestamenn, landeigendur, Motomos og Slóðavini, og niðurstöður kynntar fyrir umhverfisnefnd."

Það er von mín að þessi vinna leiði til skynsamlegrar notkunar á stígum og slóðum innan Mosfellsbæjar, í sátt við náttúru landsins og umhverfi bæjarins.

Bjarki Bjarnason,
formaður umhverfisnefndar Mosfellsbæjar.

Mosfellingur ársins

Sendið tilnefningar um *Mosfelling ársins* 2010.
mosfellingur@mosfellingur.is

Stöðuuppfærslur in your face

Arnar S Pálmarsson
Við Sigrún keyptum happaþrennu í tilefni dagsins og unnum hundrað þúsund kall gæti ekki verið betri dagur !!!!!
Mið. 8. des.

Katrín Ösp Halldórsdóttir
Dóttir mín fannst það mjög sniðugt að prófa að sleikja handriðið úti í morgun .... og þegar mamman kom að henni var hún föst :S úfff mömmu hjartað fór niður í tær þegar ég þurti að losa hana af :(.... en hún var fljót að jafna sig :D
Mán. 6. des.

Simmi Vill
Í Íran er stranlega bannað að sofa hjá utan hjónabands, það er bannað með öllu að borða svínakjöt og drekka áfengi.
Á Íslandi heitir þetta Jólahlaðborð!
Sun. 5. des.

Hrannar Guðmundsson
Taplausir fyrir jól komnir upp um deild :) Nú er það bara julefrokost með Arhus Handbold og svo ÍHA seinna í kvöld !
Lau. 11. des.

Kolbrún Þorsteinsdóttir
Bjarki Bjarnason snillingur - áfram Mosfellsbær!
Fös. 10. des.

Heida Björns
fékk ekkert í skóinn í nótt...enda kannski frumskilyrði að setja hann út í glugga, en fékk martröð í skaðabætur! Dreymdi að ég týndi myndavélinni minni...crap hvað það var ömurlegt :-(
Sun. 12. des.

Sigurjón Egilsson
Það er skemmtilegra að sigra. Fínt að hafa unnið Reykjavík.
Fös. 10. des.

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

Sjúkraþjálfun & Sjúkarudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR
Urðarholt 4 Mosfellsbær
Sími 578 5080

REDDARI EHF
- Parketslípun
- Parket niðurlagnir
- Allt viðhald parkets
- Kem á staðinn og geri föst verðtilboð.
Upplýsingar í síma 822-0636

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

HEYRST HEFUR...

...að 21 Mosfellingur hafi gefið kost á sér til Stjórnlagaþings. Þeir sem voru oftast nefndir voru: Sigurður G. Tómasson 26. sæti, Bryndis Bjarnarson 49. sæti og Kristbjörg Þórisdóttir 76. sæti. Aðrir voru neðar á listanum.

...að Erla Víðis sé búin að eignast litla stúlku og skíra hana Nadía Líf.

...að Olga sé farin að klippa á ný.

...að Mosfellsbær sé kominn í 8-liða úrslit í Útsvarinu á Rúv.

...að fréttakonan Lára Ómars hafi verið símavinur Mosfellsbæjar í Útsvarinu. Áður hafði Sigurlaug föðursystir hennar gengt því hlutverki.

...að Ásgeir og Yrja hafi eignast litla stúlku í byrjun vikunnar.

...að hreppsnefnd Kjósarhrepps ætli að bjóða öllum sveitungum sínum til skötuveislu á Þorláksmessu.

...að Palli bæjó sé með flotta ljósmyndasýningu í Listasalnum um þessar mundir.

...að jólasveinarnir verði á ferðinni í Hamrahlíðarskógi um helgina. Á laugardaginn með harmonikku og á sunnudaginn á sexhjóli.

...að handboltastrákarnir leiki gríðarlega mikilvægan leik gegn Selfyssingum í kvöld kl. 19.30.

...að Atli Bjarna sé kominn á fast.

...að Raddý hafi haldið uppá stórafmæli sitt í reiðhöllinni á dögunum.

...að Krikaskóli hafi verið tilnefndur til eftirsóttra verðlauna í byggingarlist á vegum Evrópusambandsins.

...að Hafliði bakari sé óður að ná sér eftir heilablóðfall í sumar.

...að Dúettinn Hljómur standi fyrir sínu árlega áramótapartýi í fimmta sinn í röð, nú á Kaffi Kidda Rót.

...að Bingi og Lotta hafi eignast litinn dreng á þriðjudaginn.

...að útsvarið í Mosfellsbæ hækki um áramótin. Úr 13,19% í 13,28% sem er hámarksútsvar.

...að Popp-fylgiblað Fréttablaðsins hafi valið Steinda Jr. sem öskubusku ársins 2010.

...að lagið Huldumenn hafi verið hástökkvari vikunnar á vinsældarlista Rásar 2. Lagið er eftir Gildruna og er að finna á nýja live disknum.

...að sérstök Wipeout braut verði opnuð í Lágafellslaug um helgina.

...að fjórir mosfellskir strákar séu að gefa út borðspilið Flakk fyrir jólin.

...að fristundaávísunin muni lækka niðri 15.000 kr. með nýrri fjárhagsáætlun 2011.

...að það sé uppselt á styrktartónleika fyrir Rebekku Allwood sem haldnir verða á mánudaginn á Café Rosenberg.

...að Þórhallur Kristvinsson sé fimmtugur í dag.

...að verkefnið „Hestar í skjól fyrir jól" gangi vel og hesthúsið sé að verða fokhelt.

...að jólamarkaðurinn í Álafosskvos verði í fullum gangi um helgina.

...að Snæland í Mosó sé orðið 10 ára gamalt kompaní undir stjórn Ástu og Gulla.

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Í eldhúsinu HJÁ LÁRETTU

Partý pottréttur

Láretta Georgsdóttir viðskiptafræðingur og starfsmaður flugfélagsins Air Atlanta gefur okkur upp uppskrift að þessu sinni. „Uppskriftin kemur frá móður minni, Guðbjörgu Runólfsdóttur. Þennan rétt matreiddi hún ósjaldan þegar gesti bar að garði í sveitinni okkar í Hrunamannahreppnum. Rétturinn er auðveldur í framkvæmd og einstaklega góður á bragðið. Ég mæli eindregið með tvöföldu magni af karrý fyrir þá sem eru hrifnir af því."

1 vænn kjúklingur í bitum (soðinn eða steiktur)
1 pk. Golden Savory rice.
6 msk. majones.
2 dl. rjómi.
200-300 gr. Flúðasveppir (steiktir)
2-4 msk. karrý.
Safi af kjúklingnum og sveppunum.

Hrísgrjónin soðin í 20 mín og kæld.
Blanda saman rjóma, majonesi og karrý, svo er sveppunum, hrísgrjónunum og kjúklingnum blandað saman við.

Allt sett í eldfast mót (best er að geyma í ísskápnum yfir nótt).
Að lokum bakað í ofni í 30-40 mín við 180°c
Borið fram með hvítlauksbrauði og hrásalati
Verði ykkur að góðu.

NÝR ÓVÆTTUR Á ÍSLANDI

Nú á dögunum varð það ljóst að ný óvættur var komin að ströndum Íslands og ógnar heilsu okkar allra. Þessi óvættur er að sögn stórhættuleg og ég hef eftir mjög óábyrgum heimildum að hún hafi þurrkað út heilu þorpin á landsbyggðinni og sé öll í sókn. Þessi vættur er nú reyndar náskyld öðrum ófétum sem plagað hafa landann í marga áratugi. Þessi ógn heitir Transfita, já og kemur hún á eftir öðrum hryðjuverkum á borð við sykur, kolvetni og MSG. Nú verða bókabrennur víða þessi jólin þar sem uppskriftabækur, sem innihalda þessar pestir, verða í aðalhlutverki.

Ég man þá tíma sem við vissum alltaf hvað var hollt og hvað var óhollt. Þeir sem höfðu vit til að greina þar á milli völdu það holla en ekki það óholla og hef ég nú oftast freistast í síðari kostinn einhverra hluta vegna. Sykur og sætindi voru óholl og laumuðust menn bara í sultutau og konfektmola á laugardögum. En svo var komið í tísku heilsusamlegt líf og minka við sig í kjöti og borða meira pasta og slíkan mat. Svo fréttist draugasagan um kolvetnið og pasta og aðrar heilsuvörur í þeim flokki voru settar í hillurnar með sykri og sætindum.

Svo kom skýrslan út (ekki bankaskýrslan) þar sem óvinur samfélagsins númer eitt er MSG, og á einni nóttu voru skápar tæmdir sem innihéldu slíkt eitur enda stórhættulegt efni sem við vorum búin að eta í u.þ.b 50 ár. Önnur hver fjölskylda segist vera með ofnæmi fyrir MSG, eini munurinn þá og nú er að nú stendur það á pakkningunni en gerði ekki áður.

Ég fæ stundum spurningar í vinnunni hvort það sé pottþétt enginn transfita í þessu því viðkomandi sé með ofnæmi gegn transfitu.

Ég held að maður eigi ekkert að spá í þetta heldur að allt sé gott í hófi, ekki satt?

Gleðileg jól og allt það

HÖGNI SNÆR

SMÁ AUGLÝSINGAR

Reiðhjóli stolið
Svörtu og bláu Trek drengjahjóli fyrir 8-12 ára var stolið fyrir utan Þrastarhöfða 4 fyrir rúmum mánuði síðan. Hjólið var glænýtt og er sárt saknað af eiganda sínum. Þeir sem hafa orðið varir við hjólið eða hafa einhverjar upplýsingar mega láta Svenna vita í s: 660-5322.

Vantar íbúð til leigu
Hjón með 3 börn óska eftir leiguíbúð í Mosfellsbæ. Óskum eftir langtímaleigu. Skilvísar greiðslur og reglusemi. Þorkell og Inga s: 660-6311.

Horfið hjól
Mongoose Rockadile fullorðins fjallahjól 26" var tekið fyrir utan World Class í okt. Það er svart með rauðum stöfum. S. 697-7685 (Gunnlaugur)

Barngóð kona óskast
Barngóð kona með þrifaæði óskast til að koma heim til fjölskyldu 3 morgna í viku, 2 tíma í senn til að létta undir með heimilisverkum (skúra/þurrka af/þvottur o.fl.) og líta eftir litlu ljúfu barni. Áhugasamar hafi samband í s. 869-7090, kolbrunrakel@gmail.com

Hesthús til leigu
Til leigu 8 hesta hús, uppl. síma 4863327 / 8981527. Guðmundur.

Hundabúr til sölu
Tvö hundabúr til sölu, annað úr plasti 30x40cm, lengd 50, og hitt járnbúr 50x50cm, lengd 60. Upplýsingar Matthías sími 8986533 og 5666533.

Smáauglýsingarnar eru friar fyrir einstaklinga
Sendist á netfangið:

Gott til endurvinnslu

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega allt jarðefni

VÖRUBILL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142

Viðgerðir, viðhald og breytingar
Fljót og góð þjónusta

ÁK Verktakar ehf.
Pípulagningaþjónusta
Kristinn Ingvarsson pípulagningamaður
Sími 899 4677 • Gerplustræti 25 • Mosfellsbæ
akverktakar@gmail.com

SALUR TIL ÚTLEIGU
fyrir fundi og mannfagnaði

Pantanir hjá Berglindi í síma 697-5328 eða á kiwanishus.moso@gmail.com
Kiwanishúsið í Mosfellsbæ
geysir.kiwanis.is

ÖKUKENNSLA LÁRUSAR
GSM 694-7587 - AKAMOS@TALNET.IS

Kenni á bíl, bifhjól eða skellinöðru!
Er með mótorhjólahermi, frábært fyrir byrjendur
Fáið tilboð, kenni allan daginn
Annast einnig ökumat og upprifjun fyrir eldri borgara
Lárus Wöhler
löggiltur ökukennari

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM KORTUM TIL JÓLA

Opnunartími:
kl. 13-22 virka daga
kl. 14-20 um helgar

GUFUBAÐ
LJÓSABEKKIR
GÓÐAR HÚÐVÖRUR
STURTUR

Sólbaðstofa Mosfellsbæjar
Þverholti 5 - Sími: 566-8110

ÞAÐ SEM TIL ÞARF
VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga
GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

ELEKTRUS
- Löggiltir rafverktakar

Sigurjón Hólm Magnússon
Löggiltur rafverktaki
Sími 895 1580 | sigurjon@elektrus.is
www.elektrus.is

Kaffihúsið á Álafossi

Álafossvegur 27
sími 566 8030

Óskum Mosfellingum og viðskipavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum góðar móttökur og viðskiptin á árinu sem er að líða.

Breyttur lífsstíll þarf mannlegan stuðning!

Ég hef hjálpað fólki að létta sig, ná betri árangri í íþróttum og losa sig við lífsstílstengda heilsukvilla síðan 2003

MÁ BJÓÐA ÞÉR AÐ BÆTAST Í HÓPINN?

HERBALIFE

Hafðu samband og kannaðu hvort við eigum samleið. Þú getur hringt, sent tölvupóst eða fyllt út form á www.jatakk.heilsuskyrsla.is og ég mun hafa samband.

Kolbrún Rakel Helgadóttir
kolbrunrakel@gmail.com
869-7090

Nudd tilboð í desember og janúar
60 mín nudd á kr. 4.500 og 90 mín nudd á kr. 7.000.

JÓLAGJÖFIN Í ÁR:
Keyptu 5x 60 mín nudd og þú færð 1 tíma í andlitsupplyftingu frítt með.

Garðar s: 693-0844, lærður sjúkraþjálfari og sjúkranuddari frá USA.

ÞJÓNUSTU-AUGLÝSING Í MOSFELLINGI

KR. 5.000 + vsk.*

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Draumajólagjöfin í ár?

HALLGERÐUR:
Kettlingur

JÓLAFÍA:
Nimbus 2000

ORRI:
Hamingja og góð vinátta



DAVÍÐ:
Eitthvað gott að borða

STEINI MILLJÓN:
Rakvél og slökkviliðsdagatalið



SIGTRYGGUR:
Jólahjól

Jólabörnin leika sér


Helena á konukvöldi

Tvö á pari

Daninn

Skúlinn hress

Álafoss dúettinn

Lopabandið stígur á stokk

GVA og SME

Jólahlaðborð

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

Þrír eiturslakir í Hlégarði


Herinn burt

Sveinkaleiðangur

Jólakúla í Basicplus

Bara Basic

Nú liggja Danir í því

Golf goðsagnirnar

Félagarnir á grillinu

Hress

Packman

Jóli og Sigga

Jólaglöggir


Gúffarnir á hlaðborði

TRÍÓ

TÖKUR Á FULLU
GEIR ÓLAFS Í LÚGUNNI

TILBOÐ
TIL MOSFELLINGA



2.500 KR

NÝI GILDRU-DISKURINN
FÆST Í GRILLNESTI

GRILL NESTI
HÁHOLT 24 - S. 566-7273

FYRIR EFTIR
Klipping: Katrín Sif
Módel: Katrín

FYRIR


EFTIR

SEBASTIAN DAGUR - 17. DESEMBER
10% afsláttur af Sebastian vörum

Hárstofan Sprey

Boðið uppá veitingar
Endilega komið og kíkið!
Opið fram eftir - 517-6677
Neglur: 777-0650

Hárstofan Sprey - Háholt 14 - S. 517 6677

basic Tískuverslun fyrir dömur & herra

Óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári með þökk fyrir viðskiptin og frábærar móttökur á árinu sem er að líða.

Nýjar vörur daglega
Verslum í heimabyggð!

Opnunartími yfir hátíðirnar

mið	22/12	11-20
fim	23/12	11-20
aðf.d.	24/12	11-14
mán	27/12	LOKAÐ
þri	28/12	13-18
mið	29/12	13-18
fim	30/12	13-18
fös	31/12	11-14
lau	01/01	LOKAÐ
sun	02/02	LOKAÐ

GÓÐAR STÆRÐIR

basic

Tískuverslun fyrir dömur & herra

Háholti - Mosfellsbæ

Opnunartími: Mán. - föstud. kl. 11.00 - 18.30 - Laugard. kl. 11.00 - 18.00 - Sunnud. kl. 12.00 - 17.00

basic
Háholti - Mosfellsbæ
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

GK Smyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424

HÁTÍÐLEG STUND Í KIRKJUNNI

Nemendur Lágafellsskóla gengu til kirkju á dögunum og áttu saman hátíðlega stund. Þar settu nemendur 5. árgangs upp helgileik undir dyggri stjórn Sigríðar Johnsen fyrrverandi skólastjóra.

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Dreymir þig um eigið húsnæði?
Sími: 586 8080
www.fastmos.is

www.retthjajoa.is
Rétt hjá JÓA
Réttingar og sprautun
Flugumýri 16d
s. 577-1377
896-9497
www.retthjajoa.is

Kæru Mosfellingar!
Gleðileg jól og þökkum viðskiptin á árinu.

BERG FASTEIGNASALA

Þjónusta við Mosfellinga í 22 ár
Pétur Pétursson
löggiltur fasteignasali
897-0047
Háholt 14, 2. hæð
588 55 30

Fálkahöfði
Til sölu afar glæsileg 91 fm. þriggja herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð í fallegu fjölbýlishúsi. Eignin er öll hin vandaðasta. Parket og flísar á gólfum. Útgengt úr stofu og herbergi á stórar suðursvalir. Sér inngangur. **V. 20,6 m.**

Hagaland
Glæsileg neðri sérhæð í tveggja íbúða húsi við Hagaland. 116,9 fm. með bílskúr. Glæsilegar innréttingar og gott skipulag. falleg lóð. Mjög falleg eign. **V. 26,5 m.**

Bugðutangi
Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rólegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnh og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verönd og fallegur garður. Hagstætt verð. Skipti á ódýari

Arkarholt
236,7 fm. einbýli á flottum stað neðst í lokaðri götu við Arkarholt í Mosfellsbæ,4 góð svefnherbergi. Stór 30 fm. sólstofa með heitum potti. 2 baðherbergi, nýlega endurnýjuð. Tvíbreiður bílskúr. Stór og fallegur garður. **V. 46,9 m.**

Krókabyggð
Glæsilegt 220 fm. parhús á tveimur hæðum á góðum stað í Mosó. Flottar innréttingar og gott skipulag. Glæsilegur garður með garðhúsi og góð aðkoma að húsi.

Háholt
Glæsileg og afar vel skipulögð 95 fm. íbúð á 3. og efstu hæð með sér inngangi. Upptekin loft með innfelldri halogenlýsingu. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Sjón er sögu ríkari. **V. 25,8 m.**

Stóriteigur
Gott, 155 fm. raðhús með bílskúr 26 fm. bílskúr , samt. 181 fm. við Stórateig. Húsið er á tveimur hæðum. Fallegur garður og bílastæði. Lækkað verð. **V. 31,9 m.**

Grundartangi
Mjög vandað og vel skipulagt 223 fm. einbýli. 5 svefnherbergi. Glæsilegur arin í stofu. Tvíbreiður bílskúr. Tré og runnar. Stór sólpallur með skjólveggjum. Heitur pottur. Skipti á ódýrari eign koma vel til greina.

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-18 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989